



Hlutverk og þátttaka foreldra í lestrarnámi ungra barna

Eygló Dögg Hreiðarsdóttir

Júní 2020

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs

Deild kennslu- og menntunarfræði



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Hlutverk og þátttaka foreldra í lestrarnámi ungra barna

Eygló Dögg Hreiðarsdóttir

Lokaverkefni til M.Ed.-prófs í grunnskólakennslu yngri barna

Leiðbeinandi: Kristín Jónsdóttir

Deild kennslu- og menntunarfræði
Menntavísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2020

Hlutverk og þátttaka foreldra í lestrarnámi ungra barna

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til M.Ed.-prófs
í grunnskólakennslu yngri barna við deild kennslu- og menntunarfræða,
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© 2020, Eygló Dögg Hreiðarsdóttir

Lokaverkefni má ekki afrita né dreifa rafrænt nema með leyfi höfundar.

Formáli

Í kennaranámi mínu hef ég tekið þónokkur námskeið sem snúa að lestrarkennslu og hafa þau verið bæði lærdómsrík og mikilvæg. Ég fór líka snemma að ýta bókum að mínum eigin börnum, bæði með því að lesa fyrir þau og láta þau lesa fyrir mig. Sem foreldri tveggja barna í grunnskóla geri ég mér grein fyrir því hversu mikilvægt það er að taka þátt í námi barna sinna og vera í góðu í sambandi við kennara þeirra.

Meðfram meistaranáminu hef ég starfað sem leiðbeinandi í grunnskóla þar sem ég hef gegnt starfi umsjónarkennara á yngsta stigi og því hef ég staðið báðum megin við borðið, bæði sem kennari og foreldri. Á yngsta stigi er mikið unnið með lestur, enda lestur undirstaða alls náms og því mikilvægt að leggja ríka áherslu á hann í upphafi skólagöngu. Ég tel að þetta verkefni hjálpi mér að efla mig í lestrarkennslu, bæði sem kennara og foreldri, og einnig í vinnu með foreldrum.

Leiðbeinandi verkefnisins var Kristín Jónsdóttir, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Henni vil ég færa hjartans þakki fyrir stuðninginn, lærdómsríkt samstarf, þolinmæði og gagnlegar og mikilvægar ábendingar. Sérfræðilega ráðgjöf veitti Halla Jónsdóttir, aðjúntkt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, og fær hún bestu þakki fyrir.

Hönnu B. Hreiðarsdóttur færi ég mínar bestu þakki fyrir hvatningu og ráðgjöf. Ágústu Rúnarsdóttur þakka ég fyrir yfirlestur á verkefninu. Erna Jóhannesdóttir þýddi ágripið yfir á ensku og er ég henni afar þakklát fyrir það.

Ég vil þakka sambýlismanni mínum Ívari Erni Svavarssyni fyrir ómetanlegan stuðning og skilning. Sömuleiðis drengjunum mínum, þeim Svavari Kára og Jakobi Orra, fyrir þolinmæðina sem þeir sýndu móður sinni á meðan vinna við þetta verkefni stóð yfir. Foreldrar og tengdaforeldrar fá einnig sérstakar þakki fyrir stuðninginn. Sólrúnu Sigurðardóttur vinkonu minni og námsfélaga þakka ég fyrir hvatningu og stuðning í gegnum námið og þá sérstaklega við gerð þessa verkefnis. Nemendum mínum og foreldrum þeirra þakka ég samstarfið, án þeirra hefði verkefnið ekki orðið að veruleika. Samstarfsfólki mínu kann ég þakki fyrir hvatningu og áhuga á verkefninu. Skólastjóra og aðstoðarskólastjóra þakka ég einnig fyrir stuðning og sveigjanleika á meðan á verkefninu stóð.

Þetta lokaverkefni er samið af mér undirritaðri. Ég hef kynnt mér Vísindasiðareglur Háskóla Íslands. Ég hef gætt viðmiða um siðferði í rannsóknnum og fyllstu ráðvendi í öflun og miðlun upplýsinga, og túlkun niðurstaðna. Ég vísa til alls efnis sem ég hef sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Ég þakka

Öllum sem lagt hafa mér lið með einum eða öðrum hætti en ber sjálf(ur) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfesti ég með undirskrift minni.

Selfossi, 11. maí 2020

Eygló Dögg Hreiðarsdóttir

Ágrip

Hlutverk og þátttaka foreldra í lestrarnámi ungra barna

Viðfangsefni þessarar rannsóknar var að skoða hvernig megi auka áhuga foreldra og þátttöku í lestrarnámi ungra barna. Tilgangur verkefnisins var að skoða hvernig lestrarstundum væri háttað heima fyrir með það í huga hvort þær væri ánægjulegar eða erfiðar, ásamt því að fá viðbrögð frá foreldrum við því hvort fjölbreytt lestrartengd verkefni og hvatning frá umsjónarkennara hafi stuðlað að auknum áhuga þeirra á lestrarnámi barna sinna. Viðhorf foreldra til heimalestrar og síns hlutverks voru könnuð sem og hvort foreldrum þætti mikill þrýstingur koma frá skólanum um að heimalestri væri sinnt.

Rannsóknin byggði á eigindlegri og meginlegri aðferðafræði auk þess sem rannsakandi hélt dagbók á meðan rannsóknin stóð yfir, sem er ein af meginaðferðum starfendarannsóknna. Gögnum var safnað frá því í mars 2019 fram í febrúar 2020. Foreldrum 20 barna í 2. bekk í grunnskóla á landsbyggðinni var í byrjun sendur spurningalisti með 17 spurningum sem sneru að lestrarstundum heima. Einnig var spurt um áhuga þeirra á að taka þátt í rannsókninni en rannsakandi kennir börnunum þeirra lestur. Foreldrar 19 barna svöruðu spurningalistunum og 17 gáfu kost á sér í viðtal. Í febrúar 2020 voru tekin þrjú rýnihópaviðtöl þar sem fjórir foreldrar voru í hverju viðtali. Einu sinni í mánuði eða frá apríl 2019 þegar börnin voru í 2. bekk og fram í janúar 2020 þegar þau voru í 3. bekk voru send heim lestrartengd verkefni til að nýta í heimalestri, ásamt leiðbeiningum til foreldra. Verkefnin innihéldu hugmyndir um hvernig hægt væri að auka fjölbreytni í lestrarstundum heima á margvíslegan og skemmtilegan hátt. Einnig voru send verkefni sem snerust um að lesa oftar heima og lengur í hvert sinn. Verkefnin voru send heim með það í huga að virkja foreldra til stuðnings við heimalestur og þar af leiðandi við lestrarþjálfun barna sinna.

Rannsakandi hélt dagbók á meðan rannsóknin stóð yfir þar sem hann skráði meðal annars vangaveltur sínar um þróun rannsóknarinnar, hugmyndir að nýjum lestrarverkefnum fyrir börn og foreldra, orðsendingar og ábendingar sem bárust frá foreldrum og athugasemdir frá nemendum. Segja má að dagbókin hafi verið hans helsta tæki til að halda utan um rannsóknina og fylgjast með því hvernig áhugi foreldra á að styðja við lestrarnám barna sinna þróaðist.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu meðal annars að foreldrum fannst mikilvægt að heimalestri væri sinnt og að börnin lásu heima að jafnaði fjórum til sex sinnum í viku. Lestrarstundirnar voru mun erfiðari ef bækurnar höfðu ekki til barnsins en einnig voru foreldrarnir ánægðir með að börnin hefðu meira val um lestrarbækur. Fram kom að nokkur

Þrýstingur kæmi frá skólanum um að heimalestri væri sinnt. Athyglisvert var að foreldrar töldu að áminningarpóstur gætu verið stuðandi, en þeir voru sendir heim ef barnið náði ekki viðmiðum sem skólinn setti í sambandi við fjölda skipta í heimalestri. Foreldrar töldu að lestrartengd verkefni væru nauðsynlegur hluti af heimalestri sem gerðu erfiðar lestrarstundir oftast en ekki auðveldari. Verkefnin væru börnunum sömuleiðis mikil hvatning til heimalesturs. Einnig kom skýrt fram að rannsóknin hefði ýtt við foreldrum hvað varðar mikilvægi þeirra í lestrarnámi barna sinna. Þeir virtust verða meðvitaðri um sitt hlutverk og hversu samvinna heimilis og skóla væri mikilvæg í lestrarnámi barna.

Meginniðurstaða þessarar rannsóknar er að virkt samstarf kennara við foreldra sé árangursrík leið til að efla áhuga foreldra á sínu hlutverki í lestrarnáminu og auka skilning þeirra á mikilvægi lestrarþjálfunar barna sinna.

Abstract

The role and participation of parents in teaching young children how to read.

The subject of this research was to study how parents' interest and participation can be increased when teaching young children how to read. The purpose was to review the reading time at home and if it was pleasant or challenging. Also, to get a reaction from parents on whether diverse reading related assignments and encouragement from the supervisory teacher had contributed to their increased interest in their children's reading studies. The parents' attitude towards home reading and their role was analyzed, also if parents experienced pressure from the school regarding whether their children's home reading was tended to.

The research was based on qualitative and quantitative research methods in addition to a diary that the researcher kept during the time of the research, which is one of the main research methods of actions research. Data was collected from March 2019 to February 2020. The parents of 20 children in 2nd grade in a primary school in a rural area were sent a questionnaire where they had to answer seventeen questions concerning reading time at home. The questionnaire also contained questions about their interest in participating in the research since the researcher was the teacher who taught their children reading. The parents of nineteen children answered the questionnaire and seventeen parents were willing to come to an interview. In February 2020, three focus group interviews took place with four parents in each group. Once a month from April 2019, when the children were in 2nd grade, until January 2020, when the children were in 3rd grade, they were sent home with reading related assignments including instructions for parents to use along with home reading. The assignments included ideas about how to diversify home reading time in various and fun ways and the assignments also included ways to increase and lengthen home reading time. The assignments were sent home to activate the parents' support regarding home reading and thus their support to their children's reading training.

The researcher kept a diary during the time of the research to, amongst other things, reflect on the development of the research, write down ideas for new reading related assignments for parents and children, record messages and comments the researcher received from parents and observations from students. In a way, the diary was the researcher's main tool to log the research and keep track of how the interest of parents in supporting their children's reading studies increased.

The research findings were amongst other things that parents found it important that their children's home reading was tended to and that their children read at least four to six times a week. Reading time was much more challenging if the books did not appeal to the child's interests. Also, parents were happy that the children had more options when choosing their reading material. The research showed that parents felt pressured by the school to tend to home reading. It was also interesting that when a child did not meet the guideline set by the school concerning the number of times a child should read at home, the school contacted the child's parents via e-mail and many found that irritating. Parents found that reading related assignments were an essential part of home reading which often made challenging home reading sessions easier. The assignments also encouraged the children to do more reading at home. It clearly showed that the research made parents more aware of the importance of their role concerning their children's reading studies, and also how important school-home cooperation is when they are learning how to read.

The main findings of this research were that active cooperation between teacher and parents is an effective way to increase the interest of parents in their role and understanding the importance of their role when their children are learning how to read.

Efnisyfirlit

Formáli	3
Ágrip	5
Abstract	7
Efnisyfirlit	9
Myndaskrá	12
1 Inngangur	13
1.1 Aðdragandi og markmið verkefnisins.....	13
1.2 Rannsóknarspurning og undirspurningar	13
1.3 Uppbygging	14
2 Fræðilegur bakgrunnur	15
2.1 Lestrarnám	15
2.2 Að lesa fyrir börn.....	15
2.3 Lestrarþjálfun	16
2.4 Áhugahvöt.....	17
2.5 Heimanám.....	18
2.6 Heimalestur.....	18
2.7 Lestrarkort.....	19
2.8 Tengsl heimila og skóla	20
2.9 Umsjónarkennarinn.....	21
2.10 Samstarf eða samskipti	21
2.11 Samstarf skóla, fjölskyldu og samfélags, líkan Epstein.....	22
3 Rannsóknaraðferð	24
3.1 Rannsóknarsnið.....	24
3.2 Skólinn.....	24
3.3 Þátttakendur	25
3.4 Gagnasöfnun með spurningalista.....	26
3.5 Gagnasöfnun með viðtölum.....	26
3.6 Dagbókarskrif	27
3.7 Úrvinnsla gagna.....	28
3.8 Álitamál	29
4 Niðurstöður	30
4.1 Staður og stund	30

4.1.1	Heimalestur að meðaltali á viku.....	31
4.1.2	Fastur tími til heimalesturs	32
4.1.3	Mínútur eða blaðsíður	32
4.1.4	Lestur á frídögum	33
4.2	Samvinna um lesturinn	34
4.2.1	Áhugavert lestrarefni	34
4.2.2	Gæðastundir	35
4.2.3	Bókasafnið.....	36
4.3	Viðhorf foreldra til síns hlutverks.....	37
4.3.1	Áminning í tölvupósti	38
4.3.2	Pressa frá skólanum	40
4.4	Áhrif heimalestursverkefnisins á foreldra	40
4.4.1	Lesum saman - verkefni 1	41
4.4.2	Lesum saman - verkefni 2	42
4.4.3	Lesum saman - verkefni 3	43
4.4.4	Lesum saman - verkefni 4	44
4.4.5	Lesum saman - verkefni 5	45
4.4.6	Lesum saman - verkefni 6	46
4.4.7	Lestrarátakið	47
5	Umræður.....	49
5.1	Staður og stund	49
5.1.1	Heimalestur að meðaltali á viku.....	50
5.1.2	Fastur tími til heimalesturs	50
5.1.3	Mínútur eða blaðsíður	51
5.1.4	Lestur á frídögum	52
5.2	Samvinna um heimalesturinn	53
5.2.1	Áhugavert lesefni	53
5.2.2	Gæðastundir	55
5.2.3	Bókasafnið.....	56
5.3	Viðhorf foreldra til síns hlutverks.....	56
5.3.1	Áminning í tölvupósti	56
5.3.2	Samskipti foreldra og mín sem umsjónarkennara	57
5.3.3	Pressa á heimalestur	58
5.4	Áhrif heimalestrarverkefna á foreldra.....	58

5.4.1	Lestrarátakið og þátttaka í rannsókninni	59
5.5	Að öllu samanlögðu.....	60
6	Lokaorð	61
	Heimildaskrá	63
	Viðauki A: Beiðni til skólastjóra um rannsóknarstarf	66
	Viðauki B: Heimild frá skólastjóra.....	67
	Viðauki C: Bréf til foreldra	68
	Viðauki D: Spurningalisti	69
	Viðauki E – Viðtalsrammi	72
	Viðauki F: Heimalestrarhefti.....	76
	Viðauki G: Bréf til foreldra með verkefni 5	77
	Viðauki H: Verkefni 5	78
	Viðauki I: Áminning um heimalestur	79
	Viðauki J: Vinnureglur heimalesturs	80
	Viðauki K – Bréf til foreldra með verkefni 1	81
	Viðauki L – Verkefni 1.....	82
	Viðauki M – Bréf til foreldra með verkefni 2	83
	Viðauki N – Verkefni 2.....	84
	Viðauki O – Bréf til foreldra með verkefni 3.....	85
	Viðauki Ó – Verkefni 3.....	86
	Viðauki P – Bréf til foreldra með verkefni 4	87
	Viðauki R – Verkefni 4	88
	Viðauki S – Bréf til foreldra með verkefni 6.....	89
	Viðauki T: Verkefni 6	90
	Viðauki U – Verkefni 6 unnið af móður og barni	91

Myndaskrá

Mynd 1. Sýnishorn af lestrarkorti númer þrjú.	19
Mynd 2. Líkan Epstein. Samstarf skóla, fjölskyldu og samfélags.....	22

1 Inngangur

Ég hef unnið sem leiðbeinandi á yngsta stigi í grunnskóla síðustu þrjú ár og hef sinnt starfi umsjónarkennara. Að vera umsjónarkennari getur verið gefandi en á móti nokkuð öfugsnúið á köflum. Umsjónarkennarar hafa veigamiklu hlutverki að gegna og eru þeir mikilvægir tengiliðir heimilis og skóla. Á yngsta stigi grunnskóla er mikil áhersla lögð á lestur og þar sem lestur er að mestu leyti eina heimanámið á yngsta stigi ákvað ég að skoða það í minni rannsókn með áherslu á hlutverk foreldra í lestrarnámi barna.

Ég hef fundið það í mínu starfi að hluta foreldra finnst kröfurnar á þá of miklar hvað varðar heimalestur og hvatti það mig til að vinna rannsóknina mína með foreldrum. Það sem ég vildi fá að vita var til að mynda hvernig lestrarstundunum á heimilum væri háttað, fyrir hvern væri lesið og hver ætti frumkvæði að lestrarstundunum. Einnig fannst mér áhugavert að vita hvort foreldrar væru sáttir við þær kröfur um heimalestur sem koma frá skólanum. Loks taldi ég gagnlegt að kanna hvernig foreldrar sjá hlutverk sitt í lestrarnámi barna sinna ásamt því að kynnst viðhorfum þeirra til samstarfs heimila og skóla, einkum þeim viðhorfum sem snúa að lestrarnámi barnanna.

1.1 Aðdragandi og markmið verkefnisins

Viðfangsefnið er mér hugleikið þar sem ég starfa sem leiðbeinandi í grunnskóla ásamt því að eiga sjálf börn á grunnskólaaldri. Kveikjan að verkefninu kom eftir eitt af mörgum samtölum sem ég hef átt við foreldra þar sem heimalestri var illa sinnt. Mig vantaði úrræði til að geta veitt sem besta aðstoð og svör til foreldra varðandi lestrarnám barna þeirra.

Hafa verður í huga að þegar barn er að læra að lesa er mikilvægt að hlusta á það lesa upphátt en með æfingunni gefst barninu tækifæri til að auka færni sína í lestri. Í mínu starfi finnst mér mikilvægt að hlusta á nemendur lesa, ræða við þá um lesturinn, hrósa og ekki síður að taka þátt í umræðum um bækur. Það er líka svo gaman að sjá hversu örar framfarir verða hjá þeim nemendum sem lesa mikið. Þessu vildi ég miðla til foreldra í von um að auka áhuga þeirra á þátttöku í lestrarnáminu.

Markmiðið með verkefninu er því að varpa ljósi á mikilvægi þess að foreldrar taki virkan þátt í lestrarnámi barna sinna og átti sig á því hversu miklu máli það skiptir. Þegar ég hef lokið verkefninu vonast ég til að geta sýnt fram á hversu mikilvægt það er að heimalestri sé sinnt af alúð og að foreldrar séu tvímælalaust í lykilhlutverki í lestrarnámi barna sinna.

1.2 Rannsóknarspurning og undirspurningar

Í rannsókninni var lagt upp með spurninguna:

Hvert er hlutverk foreldra í lestrarnámi barna á yngsta stigi grunnskóla?

Helstu undirspurningar voru:

Hvað er gert heima í sambandi við heimalestur?

Hvað finnst foreldrum um heimalestur?

Telja foreldrar að þeir geti sinnt heimalestri betur eða á annan hátt?

Hvernig má styrkja samvinnu milli heimila og skóla í þessu efni?

Hvernig get ég sem kennari þróað samstarf við foreldra í þágu lestrarnáms barna?

1.3 Uppbygging

Uppbyggingu ritgerðarinnar er þannig háttað að á eftir inngangi er byrjað á fræðilegum bakgrunni þar sem fyrst er fjallað um lestrarnám og lestrarþjálfun. Komið verður inn á áhugahvöt, heimanám og heimalestur. Þá verða skoðuð tengsl heimila og skóla, samstarf og samskipti og hlutverk umsjónarkennara. Þriðji kafli er um rannsóknaraðferðina, sagt verður frá þátttakendum, gagnaöflun og úrvinnslu gagna. Í fjórða kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar. Í fimmta kafla er umfjöllun og umræða um niðurstöður út frá fræðilegum grunni sem settur var fram í byrjun verks og síðust eru lokaorð mín.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Hér verður gerð grein fyrir fræðilegri umræðu og rannsóknum sem eru grunnur að viðfangsefninu og mikilvæg hugtök verða skilgreind. Í upphafi er fjallað um lestrarnám ásamt því að skoða hvað felst í góðri lestrarþjálfun. Komið verður inn á hvað áhugahvöt spilar stórt hlutverk í lestrarnámi barna og í framhaldinu verður fjallað um heimanám ásamt heimalestri sem er stór hluti heimanáms yngsta stigs. Fjallað verður um hlutverk foreldra í samstarfi við skóla í þessu samhengi. Hlutverk umsjónarkennara verður skoðað og sömuleiðis mikilvæg atriði varðandi tengsl heimila og skóla. Að lokum er kynnt líkan um samstarf skóla, fjölskyldu og samfélags.

2.1 Lestrarnám

Sýnt hefur verið fram á að þátttaka foreldra í skólastarfi hafi áhrif á námsárangur barna og styrki þau í námi (Hattie, 2009). Þetta á einnig við um lestrarnám en því fyrr sem foreldrar verða þátttakendur í lestrarnámi barna sinna, því meiri líkur eru á að varanlegur árangur náist (Mullis, Mullis, Cornille, Ritchson og Sullender, 2004). Að læra tæknina við að lesa og einnig að skilja það sem verið er að lesa er það sem lestrarnámið snýst um (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.).

Í *Hvítbók*, stefnu menntamálaráðuneytisins frá 2014, kemur fram að ekkert auki betur færni í lestri en það að lesa. Eftir því sem nemendur lesi meira og fjölbreyttara efni verði skilningur þeirra meiri og löngunin til að lesa verði meiri. Mikilvægt er að námsefni sem nýtt er við kennslu sé fjölbreytt, s.s. skáldsögur, dagblöð, fræðirit, tímarit og rafrænir textar. Í þessu sambandi gegna heimilin lykilhlutverki. Mikilvægt er að foreldrar lesi fyrir börnin sín og hvetji þau til að lesa sjálf ásamt því að vera þeim góðar fyrirmyndir (Mennta-og menningarmálaráðuneyti, 2014). Í læsissáttmála Heimilis og skóla segir að samræður og lestrarstundir með fjölskyldunni séu góður grunnur að lestrarnámi barna þegar fram í sæki. Þar að auki er upplestur góð samverustund fjölskyldunnar og auðveld leið til að sameina gagn og gaman (Heimili og skóli, e.d.).

2.2 Að lesa fyrir börn

Foreldrar eiga að vera fyrirmyndir barna sinna og er lestur þar ekki undanskilinn. Börn þurfa að sjá foreldra sína lesa og sömuleiðis að sjá að þeir njóti þess að lesa. Það hefur líka mikið að segja að lesa fyrir börn en rannsóknir hafa sýnt að það hefur áhrif á lestraráhuga barna að lesið sé fyrir þau. Að lesa fyrir barn er notaleg gæðastund, bæði fyrir barnið og foreldra. Að ræða um efni bókarinnar, gefa börnum möguleika á að spyrja og fá svör, segja sitt álit og gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn er nauðsynlegur þáttur í lestrarnámi þeirra (Anna

Þorbjörg Ingólfssdóttir, e.d.). Þau börn sem alast upp við að lesið sé fyrir þau verða meðvituð um texta og gera kröfur um að foreldrarnir útskýri það sem óljóst er í honum. Umfjöllun um textann sem lesinn er eykur orðaforða þeirra og málskilning og gefur þeim um leið góðan undirbúning fyrir allt nám síðar meir. Anna Þorbjörg (e.d.) kemur inn á það að orðaforði skipti miklu máli fyrir lestrarkunnáttu og óhætt sé að segja að barn sem hafi ríkan orðaforða eigi auðveldara með tjáskipti en þau börn sem hafi lítinn orðaforða. Börn með mikinn orðaforða eigi þannig auðveldara með að bæta við orðaforða sinn í lestrar- og samræðustundum. Því sé mikilvægt að leggja áherslu á að styrkja orðaforða barna með lestri og samræðum strax í upphafi.

Rannsóknir hafa sýnt að það skiptir máli að lesa reglulega fyrir börn og það styrki ekki bara orðaforða barnsins heldur efli líka bernskulæsi. Gæði lestrarstunda eru einnig þýðingamikil og eiga stundirnar að vera skemmtilegar þar sem bæði foreldri og barn njóta þess að lesa og ræða saman um efnið (Walsh, 2008). Það er því engin ástæða til að hætta að lesa fyrir börn þótt þau séu orðin læs, því lestrarstundir sem foreldrar og börn eiga saman hafa löngu sannað bæði gildi sitt og mikilvægi.

2.3 Lestrarþjálfun

Þar sem börn eru jafn misjöfn og þau eru mörg er ekki til ein uppskrift að því hvernig foreldrar eiga að aðstoða börnin sín við lestrarnámið. Að sjálfsgöðu geta kennarar aðstoðað foreldra með það hvernig hægt sé að standa að heimalestri og útskýrt gagnsemi hans. Þegar börn eru að byrja að lesa eru þau með mjög einfalda lestexta sem þau þurfa að lesa oft en einu sinni. Einhverjum finnst þessi endurtekning ekki nauðsynleg en endurtekinn lestur er góð leið til þess að auka sjálfvirkni og hraða lesturs sem er nauðsynlegur grunnur þess að börn geti náð góðri lestrarleikni (Stahl, 2006; Santa, 1999; Santa & Höien, 1999).

Fræðimenn hafa bent á nokkra lykilþætti í lestrarnámi barna þar sem mikilvægi stöðugar þjálfunar er skýr. Helga Sigurmundsdóttir (e.d.) bendir á að með því að endurtaka og í gegnum tengsl stafa og hljóða festist orðmyndir frekar í minni barna. Með tímanum fari þau að þekkja þær eftir því sem þau lesa sama orðið oft. Þau þurfa ekki lengur að hljóða sig í gegnum hvern staf orðsins til að geta lesið það heldur geta þau lesið það um leið og þau sjá það. Rannsóknir sýna jafnframt að eftir því sem börn þekkja fleiri orð með þessum hætti verði þau fljótari að lesa og geti farið að taka betur eftir innihaldi textanna sem þau eru að lesa (Ehri, 2002; Phillips & Torgesen, 2006). Ljóst er að börn sem eiga erfitt með lestur þurfi mun meiri tíma og æfingu til að komast á þetta stig í lestrinum. Mikilvægt er að þau æfi sig á mátulega krefjandi lesefni á meðan þau eru að ná því (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.). Loks ber að hafa í huga að lesefnið hæfi barninu en rannsóknir hafa sýnt að lesefni sem er börnunum of erfitt hamli lestrarþróun þeirra (Allington, 2009).

Það er góð og gild regla að börn lesi heima á hverjum degi ef hægt er að koma því við. Þó börnin lesi í skólanum er það ekki nægileg þjálfun. Það er því brýnt að heimalestri sé vel sinnt. Samkvæmt Helgu Sigmundsdóttur (e.d.) fara börn sem eiga auðvelt með lestur fljótlega að lesa af sjálfsdáðum og sýna þá oftast hraðar framfarir þó að fylgjast þurfi með svo þjálfun falli ekki niður. Þau börn sem eiga erfitt með að ná tókum á lestrinum þurfa mikla hvatningu og aðstoð.

2.4 Áhugahvöt

Áhugi nemenda hefur áhrif á hvernig þeim vegnar í námi og er óhætt að segja að starf kennara sé að stórum hluta fólgið í því að vekja áhuga nemenda á náminu. Rannsóknir hafa bent til þess að nemendur séu oftast ekki áhugasamir um nám sitt (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2008). Hugtakið áhugahvöt (e. motivation) nær yfir vilja til að læra og það að finnast námið þess virði að takast á við það (Pintrich og Schunk, 2002). Hugtakið er ekki langt undan þegar rætt er um ástæðu farsæls náms. Nám er flókið ferli þar sem bæði nemendur og kennarar spila stórt hlutverk (Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen, 2008). Í þessu sambandi skiptir máli að hrósa nemendum svo að áhugahvöt þeirra vakni (Burden og Byrd, 2013).

Þeir nemendur sem hafa ánægju af lestri hafa líka gott sjálfstraust við lesturinn og þá má búast við að þeir séu líklegri til þess að halda áfram að njóta þess að lesa með hækkandi aldri. Rannsóknir á lestraránægju hafa einnig sýnt fram á sterk tengsl á milli þess að lesa mikið og aukinnar lestrarfærni. Því er óhætt að segja að því meira sem börn lesi þeim mun betri tókum nái þau á lestrinum (Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2018).

Lestraráhugahvöt (e. *reading motivation*) er hvatinn sem drífur börn áfram við lesturinn og tengsl hvatans við færni nemenda í lesskilningi er ört vaxandi rannsóknarsvið. Slíkar rannsóknir eru þó enn af skorum skammti á Íslandi. Því liggja takmarkaðar upplýsingar fyrir um lestraráhugahvöt íslenskra grunnskólanemenda og hvernig hún hefur þróast (Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2018). Nemandi með mikla lestraráhugahvöt er reiðubúinn að leggja sig fram við lestrarnámið, þ.e. hann er áhugasamur, eftirtektarsamur, spenntur og fús til að lesa. Lestraráhugahvöt er skilgreind sem huglæg ástæða einstaklings til að lesa og á sér margar víddir, t.d. áhuga (e. *interest*), leikni (e. *mastery*), sjálf (e. *ego*) og trú á eigin getu (e. *self-efficacy*) (Schiefele o.fl., 2012). Börn með litla lestraráhugahvöt lesa minna en jafnaldrar með meiri lestraráhuga og sterk tengsl eru á milli slakrar lestraráhugavatar, lítils lestrar og lestrarerfiðleika (Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2018).

2.5 Heimanám

Löng hefð er fyrir heimanámi í grunnskólum á Íslandi. Með heimanámi er átt við verkefni sem kennarar setja nemendum fyrir og þeir eiga að vinna utan hefðbundins skólatíma (Cooper, 1989; Marzano og Pickering, 2007). Markmið heimanáms er að fá foreldra til að vinna með börnum sínum þannig að foreldrar séu meðvitaðir um það sem börnunum er ætlað að tileinka sér í skólanáminu og hvernig náminu miðar hjá þeim (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005). Hafa þarf í huga að heimanám þarf jafnframt að hafa tilgang fyrir nemendur svo það skili þeim árangri sem stefnt er að.

Þar sem heimanám virðist alltaf vera fastur punktur í skólstarfi er svolítið sérstakt að sjá hversu lítið er fjallað um það í Aðalnámskrá grunnskóla sem nú er í gildi. Þegar leitað er eftir hugtakinu heimanám kemur það aðeins einu sinni fyrir, en þar segir: „Foreldrar bera ábyrgð á því að börn þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafa orðið ásátt um og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna“ (Mennta-og menningarmálaráðuneyti, 2013).

Á Íslandi var gerð viðamikil rannsókn á starfsháttum grunnskóla á árunum 2009-2014. Var ein af niðurstöðunum sú að kennurum fannst lestrarþjálfun mikilvægasta heimanámið á meðal yngri barnanna (Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir, 2014).

Óhætt er að segja að lestur sé helsta heimanámið á yngsta stigi. Afar mikilvægt er að hlúa að þeim hluta í námi barna, því með góðri þjálfun eykst færni þeirra í lestri.

2.6 Heimalestur

Mikilvægt er að börn lesi heima daglega ef hægt er. Þó svo að börn lesi í skólanum er það ekki nóg til þess að þau fái nægilega þjálfun. Þess vegna er mikilvægt að heimalestri sé vel sinnt. Með því að skapa notalega stund í kringum hann strax í upphafi skólagöngu geta lestrarstundirnar orðið ánægjulegar samverustundir. Með því að hrósa, hvetja og eiga áhugaverðar umræður er möguleiki á að efla lestrarfærni barna (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.).

Þegar börnin fara heim með lestrarbókina sína er gott að henni fylgi eyðublað þar sem foreldrar geta fært inn hve mikið er lesið og hver hafi hlustað á barnið. Það er ekki hægt að ganga að því vísu að kennarinn geti hlustað á alla sína nemendur á hverjum degi en að sjálfsögðu er það þannig að þeir sem eru komnir styst gangi fyrir (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005).

Börn sem eiga auðvelt með að lesa fara fljótlega að lesa af sjálfsdáðum og hjá þeim sjást hraðar framfarir. Kennarar þurfa þó að vera á varðbergi og fylgjast með því að þjálfun þeirra

detti ekki niður. Börn sem eiga í erfiðleikum með lestur reyna síður að lesa sjálf og þurfa mikla hvatningu og stuðning (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.).

Oft er vísað til þess hversu mikilvægt það er að ungir nemendur lesi reglulega heima með foreldrum sínum og talið er að það hafi úrslitaáhrif á framgang þeirra í lestri. Niðurstöður rannsókna á þessu sviði styðja þau sjónarmið og sýna fram á að þátttaka foreldra í lestrarnámi barna hafi töluverð áhrif á námsárangur þeirra (Flouri, E. og A. Buchanan, 2004). Þessar niðurstöður eru í takt við það sem áður er nefnt og hlýtur þá stuðningur foreldra og hvatning við lestrarnámið að skila jákvæðum áhrifum. Sjá má að áhrif bæði foreldra og kennara á lestrarnámið eru óumdeild. Að foreldrar og kennarar vinni saman að þessu verkefni sem lesturinn er ætti að vera góð leið í átt að betri árangri fyrir barnið. Þar sem barnið fær stuðning bæði í skólanum og heima eru báðir aðilar meðvitaðir um gengi barnsins og hvernig því miðar.

Það er óhætt að segja að góð lestrargeta hafi áhrif á lífsgæði. Það er því mjög mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í námi barna sinna og heimalestri. Bæði hvað varðar árangur og einnig til að efla þátttöku foreldra heima. Með þátttöku foreldra bera börnin frekar virðingu fyrir skólanum ásamt því að áhugi þeirra á náminu eykst (Turnbull o.fl., 2011).


2.7 Lestrarkort

Það er óhætt að segja að heimalestur sé bæði veigamikill þáttur og nauðsynleg þjálfun í lestrarnámi barna. Margskonar efni er aðgengilegt sem á að nýtast kennurum til að styðja við heimalestur nemenda sinna. Til dæmis hefur Menntamálastofnun gefið út nýtt efni til að nýta í heimalestrarþjálfun, sem nefnist Lestrarkort. Höfundar efnisins eru þær Anna Kristín Arnarsdóttir og Svava Þ. Hjaltalín en þær unnu kortin í samstarfi við Guðbjörgu R. Þórisdóttur læsiráðgjafa og er hún jafnframt ritstjóri verksins. Lestrarkortin taka mið af öllum þáttum lestrar og eru þjálfunarþættirnir fimm talsins. Þeir eru lesfimi, hljóðaaðferðin, skilningur,

	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
Wsk 1	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Les í sakaletstræðibók.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Sjánið dhuga.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Sjánið jákvætt viðhorf.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lagði sig fram.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lærði ný orð í vikunni.
Wsk 2	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Les í sakaletstræðibók.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Sjánið dhuga.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Sjánið jákvætt viðhorf.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lagði sig fram.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lærði ný orð í vikunni.
Wsk 3	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Les í sakaletstræðibók.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Sjánið dhuga.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Sjánið jákvætt viðhorf.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lagði sig fram.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lærði ný orð í vikunni.
Wsk 4	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Les í sakaletstræðibók.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Sjánið dhuga.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Sjánið jákvætt viðhorf.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lagði sig fram.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lærði ný orð í vikunni.
Wsk 5	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lagði sig fram.	<input type="checkbox"/> Æfni lestar/lesfimi. <input type="checkbox"/> Æfni ritun. <input type="checkbox"/> Æfni skilning og orðaforða. <input type="checkbox"/> Lærði ný orð í vikunni.

Til nemandans

- Ef þú merkir í elsta reitinn hefurðu síst heimánáminu í lestri þann daginn.
- Ef þú merkir við tvo reiti hefurðu síst heimánáminu í lestri vel þann daginn.
- Ef þú merkir við þrjú reiti þó hefurðu síst heimánáminu í lestri einstaklega vel þann daginn.



ritun og orðaforði. Á vef Menntamálastofnunar segir að með Lestrarkortunum sé grunnur í lestri styrktur og að foreldrar séu mikilvægir og nauðsynlegir hlekkir í þeirri vinnu. Þeir fá handleiðslu og góðar leiðbeiningar frá kennara áður en byrjað er að vinna með Lestrarkortin.

Mynd 1. Sýnishorn af lestrarkorti númer þrjú.

Lestrarkortin eru þrjú talsins og eru ætluð nemendum í 1. – 4. bekk. Góðar kennsluleiðbeiningar eru með kortunum inni á vef Menntamálastofnunnar ásamt skráningarblöðum og glærुकynningum fyrir foreldra. Mikilvægt er að vel sé farið yfir efnið með foreldrum áður en hafist er handa.

Anna og Svava fjalla um í *Skímu, tímariti samtaka móðurmálskennara* að markmið Lestrarkortanna sé m.a. að auka fjölbreytni í lestrarþjálfun, mæta ólíkum þörfum nemenda í lestri og að styrkur foreldra sé betur nýttur. Tilgangur með því að nota Lestrarkortin sé að fá nemendur til að sinna heimanáminu vel og að veita þeim umbun sem leggja hart að sér (Anna Kristín Arnarsdóttir og Svava Þ. Hjaltalín, 2019) .

Að auka fjölbreytni, mæta nemendum og efla foreldra eru markmið Lestrarkortanna rétt eins og þessarar rannsóknar og því var þessi útgáfa kærkomin þó kortin verði ekki notuð í rannsókninni. Það má segja að lestur sé eina heimanámið á yngsta stigi og því þarf að sinna því verkefni vel þar sem þetta er samvinnuverkefni heimilis og skóla.

2.8 Tengsl heimila og skóla

Nemendur og foreldrar ásamt starfsfólki skóla mynda skólasamfélagið í hverjum skóla. Það er brýnt að allir vinni vel saman að mótun þessa samfélags. Til þess að það gangi vel þarf að ræða áherslur reglulega og þessir aðilar koma sér saman um meginviðmið (Mennta-og menningarmálaráðuneyti, 2013). Það að vera foreldri felur í sér skyldur gagnvart barni samkvæmt íslenskri löggjöf.

Foreldrar eru sérfræðingar í sínum börnum og mikilvægustu kennarar barna sinna.

Hugtakið foreldrasamstarf vísar til þess samstarfs sem starfsmenn skóla og skólaforeldrar (foreldrar barna í skóla) eiga um ýmis mál. Alloft hefur þessi samvinna verið nefnd samstarf heimilis og skóla og er þar átt við þessar tvær umræddu stofnanir. Í bók Nönnu Kristínar Christiansen, *Skóli og skólaforeldrar: ný sýn á samstarfið um nemandann* (2011) fjallar Nanna Kristín um að það sé mest lýsandi að tala um samstarf skólaforeldra og kennara og þá helst umsjónarkennara. Þeir eru tengiliðir foreldranna við skólann og oftast en ekki eini aðilinn sem foreldrar eiga í samskiptum við. Þó er í vissum tilvikum einnig um töluvert samstarf að ræða milli foreldra og annarra sérfræðinga í skólanum (Nanna Kristín Christiansen, 2011).

Nemendur leita ósjaldan til umsjónarkennara síns með hin ýmsu mál, bæði hvað varðar sitt nám eða bara ef þeim af einhverjum ástæðum líður ekki vel. Í rannsókn á starfsháttum í grunnskólum koma þær Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir (2014) inn á það að vel sé þekkt að umsjónarkennarar séu ráðgjafar ásamt því að vera tengiliðir heimila og skóla. Það sé athyglisvert að í lögum sé það tekið sérstaklega fram að umsjónarkennari skuli stuðla að því að gott samstarf sé á milli heimilis og skóla.

Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar á samstarfi heimilis og skóla á síðustu árum hafa sýnt greinilega að þátttaka foreldra í námi barna hafi góð áhrif á gengi þeirra í námi og að þeim börnum líði almennt betur. Einnig hafa komið fram jákvæð áhrif þátttöku foreldra og foreldrasamstarfs á lestrarnám (Epstein, 2011; McElvany og Artelt, 2009).

2.9 Umsjónarkennarinn

Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013) segir að umsjónarkennari taki ábyrgð á námi nemenda í hans umsjá, þroska þeirra, velferð og líðan. Hann leggi sig einnig fram við að kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum. Hann vinni líka með þeim kennurum sem kenni nemendum í hans umsjá, safni upplýsingum og komi þeim áfram innan skóla og til foreldra til þess að gera foreldrum kleift að taka þátt í ákvörðunum sem varði barn þeirra og skólastarfið. Umsjónarkennari gegni lykilhlutverki í farsælu foreldrasamstarfi og sé helsti tengiliðurinn á milli skóla og heimila (Mennta-og menningarmálaráðuneyti, 2013). Í 2.mgr. 13. gr. laga um grunnskóla þar sem fjallað er um rétt nemenda kemur fram að hver nemandi skuli hafa umsjónarkennara. Umsjónarkennari fylgist náið með námi nemenda sinna og þroska, líðan og almennri velferð, leiðbeini þeim í námi og starfi, aðstoði og ráðleggi þeim um persónuleg mál og stuðli að því að efla samstarf skóla og heimila (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Af þessu má sjá að löggjafinn telur umsjónarkennarann vera mjög mikilvægan hlekk í samvinnu við foreldra og í vinnu með barninu sjálfu.

Í grein Erlu Sifjar Markúsardóttur og Lilju M. Jónsdóttur (2016), þar sem þær skoða hlutverk, ábyrgð og skyldur umsjónarkennara, kemur fram að umhyggjuþátturinn sé stór hluti í starfi umsjónarkennara. Hann skipti þá miklu máli ásamt því að hafa andrúmlóftið notalegt og gott í skólastofunni, þar sem nemendum líði vel. Jafnframt skipti miklu máli að komið sé til móts við áhuga og getu nemenda. Í rannsókn á starfsháttum í grunnskólum kom skýrt fram að foreldrum fannst auðveldara að eiga samstarf við umsjónarkennara en aðra kennara og skólastjórnendur enda er samstarf umsjónarkennara og foreldra mest og reglulegast (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014).

2.10 Samstarf eða samskipti

Þegar fjallað er um samstarf kennara og skólaforeldra er oftast ekki verið að lýsa samskiptum frekar en samstarfi. Á samstarfi og samskiptum er ákveðinn munur. Oft eiga þessir aðilar í samskiptum án þess að um raunverulegt samstarf sé að ræða. Svo að vel takist til þurfa báðir aðilar sjá hag af samstarfinu. Samstarfið þarf að einkennast af trausti, jafnræði og virðingu á báða bóga (Nanna Kristín Christiansen, 2011).

Í rannsókn á foreldrasamstarfi, sem fjallað er um í bókinni *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar*, er greint á milli hugtaka. Þar segir að í samskiptum (e. communication,

contact) felist tölvupóstar, símtöl og þess háttar samskipti (Epstein, 2011; í Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Með samstarfi (*e. collaboration, cooperation*) sé um þrengri merkingu að ræða sem felur í sér nánara samráð (Deslandes, 2001; Nordahl, 2007; Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Það getur verið snúið að greina á milli þessara hugtaka, það er hvort um samskipti eða samstarf sé að ræða. Þriðja hugtakið, hlutdeild foreldra, felur í sér þátttöku foreldra í námsreynslu og námsferli barna sinna en snýst líka um þátttöku í stefnumótun og stjórn skóla. Fá dæmi eru um að tengsl heimila og skóla séu á því stigi á Íslandi að um verulega hlutdeild foreldra sé að ræða (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014).

Í þessari rannsókn verður stuðst við þessi hugtök en áherslan er lögð á samskipti við foreldra og þátttöku foreldra í heimalestri barna á yngsta stigi grunnskóla.

2.11 Samstarf skóla, fjölskyldu og samfélags, líkan Epstein

Í bandarísku líkani eftir Joyce L. Epstein um samstarf skóla, fjölskyldu og samfélags (*e. School-family-community partnership model*) er lögð áhersla á leiðsögn skóla fyrir foreldra (Epstein, 2011). Með félögum sínum hefur Epstein mótað líkanið með hópum rannsakenda og skólafólks á öllum skólastigum. Í líkaninu er því lýst hvernig fjölskyldan, skólinn og samfélagið vinna saman og koma til móts við börn í menntun þeirra og þroska, sjá mynd 1.



Mynd 2. Líkan Epstein. Samstarf skóla, fjölskyldu og samfélags (byggt á Coleman, 2013, í Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014).

Á myndinni sést hvernig þessi þrjú svið skarast. Gera má ráð fyrir að skörun sviðanna sé alltaf einhver og að snertifletirnir geti verið misstórir. Ef fletirnir skarast mikið þá má líta á samstarfið sem raunverulegt samstarf (*e. true partners*) (Epstein, 2011), og að foreldrar hafi

alvöru hlutdeild í skólastarfinu, samanber hugtakið hlutdeild foreldra, sem kynnt var hér á undan.

Epstein (2009) hefur sett fram skilgreiningu á samstarfi heimila og skóla, en hún talar um sex þætti til að efla foreldrapátttöku (*e. six types of parent involvement*). Þessir þættir eru: Uppeldi (*e. parenting*), samskipti (*e. communicating*), þátttaka/sjálfböðastarf (*e. volunteering*), heimanám (*e. learning at home*), ákvarðanatöku (*e. decision making*) og tengsl við grenndarsamfélagið (*e. collaborating with the community*). Hún talar um að þessir þættir séu mikilvægir þegar komi að því að auka hlutdeild foreldra í skólastarfi og hún mælist til þess að skólar vinni með alla þessa þætti í foreldrasamstarfi. Hér á eftir kynni ég þrjá af þessum sex þáttum Epstein þar sem þeir nýtast vel sem grunnur í þessari rannsókn.

Uppeldi (*e. parenting*)

Uppeldisþátturinn snýr að því að kennarar fái foreldra til að kynna þeim bakgrunn barnanna og aðstæður, til dæmis áhugamál, þarfir og menningu og geti því í framhaldi ráðlagt foreldrum. Þar sem aðstæður foreldra geta verið misjafnar er nauðsynlegt að skólinn geti mætt foreldrum með sinni sérfræðipækkingu, með fyrirlestrum, rafrænu efni, námskeiðum sem snúa að námi og þroska barnanna (Epstein, 2009).

Samskipti (*e. communicating*)

Epstein leggur áherslu á árangursríkt samskiptaform heimilis og skóla um áætlun og námsframvindu barnanna og að samskiptin þurfi að vera á báða bóga. Hún telur að með þessu verði barnið meðvitaðra um eigin framfarir og foreldrar verði upplýstari um nám barnsins. Leiðir sem Epstein nefnir til að stuðla að góðum foreldrasamskiptum eru til að mynda símtöl, tölvupóstur og samskiptabækur (Epstein, 2009).

Heimanám (*e. learning at home*)

Samkvæmt Epstein snýst heimanám ekki um að foreldrar kenni börnunum heima. Tilgangur þess sé að stuðla að góðu námsumhverfi heima fyrir, að tengja foreldra við þau verkefni sem barnið er að vinna í skólanum og skapa jafnvel umræður tengdar verkefnum. Epstein telur einnig að með heimanáminu aukist annars vegar samskipti kennara og foreldra og hins vegar foreldra og barna (Epstein, 2011).

Á þessum þremur þáttum sem Epstein skilgreinir sést vel hvað góð tengsl milli heimila og skóla, eða milli umsjónarkennara og skólaforeldra, eru dýrmæt. Kennari sem á í góðum samskiptum við foreldra, þekkir bakgrunn nemenda sinna og tengir foreldra við það sem unnið er að í skólanum á auðveldara með að byggja upp gott samstarf en sá sem ekki þekkir eða vinnur að þessum þáttum.

3 Rannsóknaraðferð

Í þessum kafla verður aðferðafræði rannsóknarinnar gerð skil. Ég geri grein fyrir rannsóknarsniði og þátttakendum ásamt því að útskýra hvernig gagnaöflunin fór fram. Einnig mun ég ræða um úrvinnslu gagna. Í rannsókninni var leitast við að svara rannsóknarspurningunni: Hvert er hlutverk foreldra í lestrarnámi barna á yngsta stigi grunnskóla? Helstu undirspurningar voru: Hvað er gert heima í sambandi við heimalestur? Hvað finnst foreldrum um heimalestur? Telja foreldrar að þeir geti sinnt heimalestri betur eða á annan hátt? Hvernig má styrkja samvinnu milli heimila og skóla í þessu efni? Hvernig get ég sem kennari þróað samstarf við foreldra í þágu lestrarnáms barna?

3.1 Rannsóknarsnið

Blönduðum rannsóknaraðferðum var beitt við gagnaöflun þar sem ég notaði bæði megindlegar og eigindlegar aðferðir. Rauði þráðurinn er rannsókn á mínu eigin starfi en um starfendarannsóknir segir í hnotskurn: Grunnhugmyndin er að læra í starfi: skoða reynslu sem maður verður fyrir og þá með þau áform að átta sig betur á því sem maður er að gera og hvaða afleiðingar það muni hafa (Hafþór Guðjónsson, 2008).

3.2 Skólinn

Rannsóknin var gerð á yngsta stigi í grunnskóla í Árborg þar sem ég hef gegnt starfi umsjónarkennara. Þegar rannsóknin var gerð voru nemendur í árganginum 83 talsins. Nemendahópurinn sem ég kenni lestur telur tuttugu nemendur.

Skólinn er teymiskennsluskóli og eru kennslurýmin opin. Árganginum er skipt upp í tvo stóra umsjónarbeckki og nemendahópurinn sem ég vinn með er blanda úr báðum bekkjunum. Hópurinn sem ég kenni lestur kallast bókmenntahópur eða íslenskuhópur. Í hverjum íslenskuhópi eru saman þeir sem hafa svipuð tök á lestri og geta tekist á við svipuð lestrarverkefni í náminu. Þegar skipt er í hópa er litið til Lesfimiþrófs menntamálastofnunar. Lesfimi er staðlað próf fyrir nemendur í 1.-10. bekk grunnskóla. Tilgangur með prófinu er að meta stöðu nemenda í nákvæmum raddlestri og skoða framfarir bæði innan árs og einnig á milli ára (Menntamálastofnun, e.d.).

Í hópnum mínum er lesinn gæðatexti og unnið með hann á fjölbreyttan hátt þar sem tekið er á öllum þáttum íslenskukennslunnar. Nemendurnir tuttugu eru allir á svipuðum stað í námi að meðtöldu lestrarnámi. Í læsisstefnu sveitarfélagsins þar sem rannsóknin var framkvæmd kemur fram að lögð sé áhersla á að foreldrar taki virkan þátt í námi barna sinna í samvinnu við skólana. Í samtali við deildarstjóra bæði á yngsta- og miðstigi skólans upplýstu þeir að í læsisstefnu sveitarfélagsins væri miðað við að lesið væri heima fimm sinnum í viku

og kvittað fyrir. Skólinn sjálfur hefur aftur á móti þá stefnu að hver nemandi lesi að lágmarki 16 sinnum heima í mánuði.

Vegna rannsóknarinnar og einnig til að halda vel utan um heimalesturinn útbjó ég ný kvittanahefti til að nýta í heimalestri og eru þau hefti ætluð foreldrum barnanna (Viðauki F). Kvittanaheftin eru hefti í stærð A5 og eru nýtt bæði í heimalestri og þegar barnið les í skólanum fyrir kennara. Í kvittanaheftinu eru reitir þar sem skrifuð er dagsetning, heiti bókar sem barnið les og blaðsíðufjöldi. Þar er einnig reitur sem sá kvittar í sem hlustar á barnið lesa. Einnig inniheldur heftið upplýsingar og hagnýt atriði í sambandi við heimalestur. Í heftinu má finna ýmsar leiðir við lestrarþjálfun ásamt lista þar sem nemendur geta sjálfir fært inn hvað þeir lesa oft heima í mánuði. Þegar barnið les heima er það í flestum tilvikum foreldri sem kvittar fyrir heimalestrinum. Þegar lesið er aftur í skólanum gefur kennarinn stimpil fyrir heimalesturinn. Þegar heimalestrarskiptin eru orðin fjögur í vikunni velja nemendur sér límmiða sem er settur í heftið. Nemendunum finnst þessi atriði mikilvæg og einnig flýttir þetta fyrir vinnunni hjá kennaranum þegar talin eru heimalestarskiptin í hverjum mánuði.

3.3 Þátttakendur

Foreldrar nítján barna eru þátttakendur í rannsókninni.

Ég sendi frá mér spurningalista með sautján spurningum í lestrarvasa barnanna og foreldrar skiluðu þeim aftur til mín í lokuðu umslagi. Fyrir neðan spurningalistann óskaði ég eftir sjálfboðaliðum sem væru tilbúnir að taka meiri þátt í rannsókninni og veita mér viðtal um lestrarnám barnsins síns, samstarf og heimalestur.

Af þeim tuttugu foreldrum sem fengu spurningalistann svöruðu nítján. Af þeim nítján voru sautján foreldrar tilbúnir að veita mér viðtal. Þar sem ég fékk svona góð viðbrögð ákvað ég í samráði við leiðbeinandann minn að breyta einstaklingsviðtölum í rýnihópaviðtöl þar sem fjórir foreldrar yrðu í hverjum rýnihópi. Af þeim nítján mæðrum sem svöruðu spurningalistanum voru sautján tilbúnar að veita mér viðtal. Mig langaði að hafa tvær mæður drengja og tvær mæður stúlkna í hverju viðtali. Það vakti forvitni mína hvort munur yrði á svörum mæðra drengja og mæðra stúlkna þótt rannsóknin væri ekki byggð á kenningum um kynjamun. Ég valdi af handahófi fjórar mæður í hvert viðtal og hafði það á bak við eyrað að þær væru annars vegar mæður drengja og hins vegar mæður stúlkna. Í þeim tólf símtölum sem ég hringdi í mæðurnar til að boða þær í viðtal voru þær boðnar og búnar að veita viðtal á þeim tíma sem ég lagði til.

Tólf mæður komu í rýnihópaviðtöl til mín en viðtölin voru þrjú og voru fjórar mæður í hverju viðtali. Notast var við gervinöfn í rannsóknarskrifunum til að tryggja trúnað við viðmælendur.

3.4 Gagnasöfnun með spurningalista

Ég byrjaði gagnaöflun á að senda skólustjóra skólans tölvupóst til að fá samþykki fyrir rannsókninni (Viðauki A). Skólustjóri veitti góðfúslegt leyfi til að vinna hana í skólanum. Hann bauð mér einnig að nýta aðstöðuna í skólanum til að taka viðtölin (Viðauki B).

Í upphafi gagnasöfnunar (7. mars 2019) sendi ég útprentaða spurningalista til tuttugu foreldra barna í 2. bekk (nú 3. bekk) (Viðauki C og D). Af þessum tuttugu foreldrum fékk ég svör frá níttján eða 95% svörun og voru það allt mæður sem svöruðu listunum.

Kostirnir við að nota spurningalista eru að hægt er að safna fjölbreyttum gögnum á ekki svo löngum tíma (Bryman og Bell, 2007).

Einnig fannst mér gott að senda listann til að kanna hvort foreldrar hefðu áhuga á að vinna með mér. Listinn innihélt fimmtán fjölvalsspurningar þar sem svarmöguleikar voru tveir til fimm. Þar velti ég upp spurningum eins og hversu oft barnið læsi að meðaltali heima á viku, fyrir hvern væri lesið, hvort barninu þætti heimalestrarefnið skemmtilegt, hvort ákveðinn tími dags væri tekinn frá til heimalesturs og hvort þrýstingur kæmi frá skólanum um að heimalestri væri sinnt. Í kjölfarið komu tvær opnar spurningar. Annars vegar spurði ég hvernig lestrarstundunum væri háttað heima fyrir og hins vegar hvort að það væri eitthvað annað sem foreldrar vildu nefna sem snerti lestrarnám barnsins og heimalestur.

Neðst á spurningalistunum óskaði ég eftir foreldrum sem vildu veita mér viðtal. Ég hafði áætlað að fá þrjá til fjóra foreldra í viðtal í einu. Þeir foreldrar sem voru tilbúnir að veita viðtal voru sauttján mæður af þessum níttján sem svöruðu. Þetta var óvænt en ánægjulegt og sýndi vel áhuga hópsins á því sem ég hugðist rannsaka.

3.5 Gagnasöfnun með viðtölum

Rýnihópar (*e. focus groups*) eða hópviðtöl er ein tegund viðtala sem er í anda eigindlegra rannsóknaraðferða. Í rýnihóp eru valdir einstaklingar sem samræmast tilgangi þess sem verið er að skoða, og hafa að einhverju leyti sameiginleg sýn á það sem er verið að rannsaka, oft undir stjórn rannsakandans. Kostir við rýnihópa geta verið margir en einn af þeim er að fjölbreyttum gögnum er safnað á fremur stuttum tíma. Ókostir þess að vinna með rýnihópa er kannski helst að í hópunum geta verið einstaklingar sem stjórna umræðunni og á móti fá einhverjir færri tækifæri til koma sínu að (Sóley Bender, 2003).

Í eigindlegum viðtölum er viðfangsefnið skoðað frá hinum ýmsu sjónarhornum til þess að sjá ólíkar hliðar á rannsóknarefninu. Í viðtölum af þessu tagi eru það rannsakandinn og þátttakendur sem skapa gögnin (Helga Jónsdóttir, 2013). Rannsóknargögnin mín byggja á viðtölum sem ég tók við tólf mæður. Til hliðsjónar hafði ég viðtalsramma sem ég útbjó með þeim spurningum sem ég vildi fá svör við. Spurningarnar voru bæði opnar og hálfopnar.

Viðtalsrammi þarf þó að vera sveigjanlegur þar sem það er talið af hinu góða að víkja aðeins út frá rammanum (Silverman, 2010).

Þar sem mikill áhugi virtist vera á rannsókninni og margar mæður vildu veita viðtal ákvað ég eins og áður segir að taka rýnihópaviðtöl þar sem fjórar mæður yrðu saman í viðtalinu og hafa rýnihópana þrjá. Viðtölin tók ég í einu af fundarherbergjum skólans þar sem ég starfa. Öll viðtölin voru tekin í lok skóladags svo engin truflun yrði.

Hópviðtölin voru hálfopin. Rannsakandi setti saman viðtalsramma (Viðauki E) til að styðjast við og einnig til að tryggja að gott flæði skapaðist í viðtölunum. Viðtalsramminn innihélt spurningar sem sneru mest að heimalestrarstundunum. Spurningarnar sem stuðst var við voru meðal annars hvort það væri kvöð að fá barnið til að lesa, hvernig stundunum heima væri háttað, hvort foreldrum þætti of miklar kröfur gerðar til sín varðandi heimalesturinn, hversu langur tími væri tekinn í heimalestur, hvort mikið væri lesið heima og hvort foreldrar sæju framfarir hjá börnunum sínum í lestri. Mig langaði að fá að vita sem mest um stundirnar og hvernig foreldrar ynnu þær heima. Einnig var ég opin fyrir því að sjá hvort eitthvað nýtt kæmi upp sem ég var ekki búin að velta fyrir mér hvað heimalesturinn varðar. Öll viðtölin voru hljóðrituð.

3.6 Dagbóarskrif

Þar sem starfendarannsókn er rauði þráðurinn eða ramminn utan um rannsóknina var haldin dagbók yfir rannsóknartímabilið. Grundvallaratriði í starfendarannsóknum er skráning og gagnasöfnun, að það sem gerist sé skráð og að gagna sé aflað um það sem verið er að fást við svo eitthvað sé til, til að greina (Hafþór Guðjónsson, 2008).

Í dagbókinni minni kemur fram hvað ég hef gert í minni kennslu og þar er einnig að finna hugmyndir um hvað ég gæti gert varðandi lestrarnám barnanna. Ég skrifaði bæði um það sem vel hefur gengið og einnig það sem ég hefði viljað sjá ganga betur. Ég skrifaði hjá mér hvernig ég gæti breytt og bætt svo að betur gæti tekist til. Ég setti líka niður hugmyndir um hvernig ég gæti unnið með lestur svo nemendum mínum þætti skemmtilegt að lesa. Ég skrifaði hjá mér hugmyndir sem gætu nýst í lestrarkennslu og hugmyndir að áhugaverðu efni sem ég gæti sent með nemendum heim til þess að vinna með heimalestur. Á meðan á rannsókninni stóð sendi ég heim með nemendum sex mismunandi lestrarverkefni.

Einnig skrifaði ég um hvernig nemendum leið og hvernig þeir unnu verkefni og leit ég þá bæði til áhuga og vinnusemi. Ég skrifaði líka í dagbókina líðan mína í sambandi við rannsóknina. Í dagbókinni fjallaði ég líka um framvindu rannsóknarinnar, hvernig gagnaöflun gekk, verkefnagerð fyrir nemendur og foreldra, úrvinnslu á heildina litið og ritgerðarskrif.

3.7 Úrvinnsla gagna

Þegar spurningalistar skiluðu sér til baka frá foreldrum fór ég vel yfir hvern og einn lista og skráði svörin sem komu út úr þeim inn í Excel. Svörin úr spurningalistunum voru höfð til hliðsjónar þegar viðtalsrammi rýnihópaviðtalanna var mótaður.

Rýnihópaviðtölin voru hljóðrituð og í framhaldi afrituð um leið og þeim var lokið. Viðmælendum var í upphafi tilkynnt að allar upplýsingar sem þeir veittu í rannsókninni yrðu meðhöndlaðar samkvæmt reglum um trúnað og nafnleynd. Jafnframt var þeim sagt að upptökum yrði eytt að lokinni úrvinnslu. Á meðan á viðtölunum stóð skrifaði ég hjá mér minnispunkta í tengslum við svör mæðranna. Eftir hvert viðtal punktaði ég hjá mér hvernig hefði tekist til, í hversu langan tíma viðtölin hefðu staðið yfir, hvað hefði komið vel út, hvað hefði mátt gera betur og hvað ég gæti bætt í næsta viðtali ef mér þótti eitthvað vanta. Einnig skrifaði ég hjá mér hvernig mér leið og hvernig mér sýndist þátttakendum líða á meðan á viðtalinu stóð.

Fyrsta rýnihópaviðtalið tók ég á þriðjudegi og ég var svolítið stressuð. Hvort ástæðan var sú að ég hafði aldrei tekið rýnihópaviðtal áður eða að þetta var mitt fyrsta viðtal í verkefninu veit ég ekki. Ég var með viðtalsrammann minn tilbúinn og þar var að finna spurningar sem ég vildi koma að. Á móti vildi ég ekki vera of stýrandi þannig að viðtalið yrði eins og yfirheyrsla. Fyrsti hópurinn samanstóð af fjórum mæðrum. Tvær þeirra áttu drengi í hópnum og tvær áttu stúlkur. Viðtalið gekk vel en tel ég að stressið í mér gæti hafa haft áhrif. Mér fannst eftir á að ég hefði ýtt því svolítið áfram og svo varð ég hrædd um að einhver af þeim hefði ekki komið sínu að. Eftir að hafa hlustað nokkrum sinnum á upptökurnar úr viðtalinu fannst mér þær áhyggjur óþarfar. Ég leyfði mæðrunum að klára sínar frásagnir þangað til það kom bil í viðtalið og þær höfðu allar eitthvað til málanna að leggja. Mér fannst þær nokkuð sammála í viðtalinu um það sem við vorum að ræða.

Í rýnihópaviðtali tvö var svolítið annar bragur. Viðtalið fór fram á fimmtudegi og von var á vondu veðri svo ég var aðeins hrædd um að það hefði stressandi áhrif. Í þessu viðtali var ég líka með tvær mæður sem áttu drengi og tvær mæður stúlkna. Þarna var upplifun mín frekar þannig að við værum að spjalla saman í stað þess að ég væri að spyrja spurninga. Það var mikið rætt og kannski farið dýpra ofan í suma hluti en í fyrra viðtalinu. Það var líka svolítið skemmtilegt að finna að þarna voru mæðurnar ekki eins sammála og í fyrra viðtalinu. Þá var það rætt frekar og í allavega í einu tilviki fundin lausn í sameiningu sem var í takt við það sem ég er að vinna með. Ég fann í þessu viðtali hvað ég var öruggari með mig og líka þegar ég fór að hlusta á upptökuna. Ég hljómaði rólegri og yfirvegaðri.

Þriðja og síðasta viðtalið var meira eins og spjall heldur en viðtal. Ég kom öllu að sem ég vildi og viðtalið flæddi vel. Það var farið út fyrir efnið á nokkrum stöðum þar sem rætt var um lestrarbækur, leturstærð og fleira í þeim dúr en ekkert á þann veg að ég þyrfti að stoppa og

beina viðtalinu aftur á þann stað sem ég vildi. Andrúmsloftið var afslappað, mæðurnar höfðu allar eitthvað til málanna að leggja. Eftir þetta viðtal fann ég að ég hefði viljað fá meira frá einum viðmælanda minna en ég geri mér grein fyrir því að það getur gerst þegar um rýnihópaviðtöl er að ræða að einhverjir hafa frekar orðið en aðrir.

Næst voru viðtölin þemagreind. Með því að þemagreina viðtölin var auðveldara að sjá hvað kom fram í viðtölunum hjá mæðrum barnanna. Ég skoðaði einnig vel dagbókargögnin mín þar sem ég skrásetti jafnóðum það sem gerðist í mínu starfi, hugleiðingar mínar og hugmyndir.

3.8 Álitamál

Þátttakendur í rannsókninni voru einungis mæður og gæti það haft áhrif á niðurstöður samanborið við ef um væri að ræða blandaðan hóp mæðra og feðra. Mæðurnar höfðu orð á því að þær væru mun meira inni í þessum málum en feðurnir og væri það þeirra hlutverk að láta börnin lesa heima.

Þó svo að nemendurnir í hópnum séu á svipuðum stað í lestri þá er mjög misjafnt hversu vel heimalestri er sinnt. Ég bjóst við að mæðurnar hefðu misjafnar skoðanir á rannsóknarefni mínu enda eru nemendurnir í hópnum að lesa heima frá fimm til þrjátíu sinnum í mánuði. Að mínu mati hentuðu blandaðar aðferðir því vel til gagnasöfnunar. Spurningalistinn veitti yfirsýn yfir misjafnar skoðanir foreldra. Jafnframt var gott að hitta foreldra og ræða saman um rannsóknarefnið. Umræðurnar sem sköpuðust voru góðar og viðtölin ólík.

Frá því ég sendi fyrsta bréfið til foreldra og þangað til nú (febrúar 2020) hef ég sent nemendur heim með sex mismunandi lestrartengd verkefni. Verkefnunum hafa fylgt bréf til foreldra með útskýringum á verkefnunum en einnig útskýrði ég verkefnin vel fyrir nemendum áður en þeir fóru með þau heim. Ég hef ekki fundið annað í mínu starfi en að foreldrar séu óhræddir við að tjá sig um nám og líðan barna sinna. Þess vegna er það mín skoðun að starfendarannsókn sé góð leið til að skoða hvernig ég geti mætt bæði foreldrum og nemendum í vinnu með lestur og þróað starf mitt í þágu nemendanna.

4 Niðurstöður

Í þessum kafla verða settar fram helstu niðurstöður rannsóknarinnar. Niðurstöðukaflanum er skipt niður í fjóra undirkafla sem endurspeglar þau þemu sem komu fram þegar gögnin voru greind. Fyrsta þemað nefnist staður og stund. Þá er kafla sem snýr að samvinnu heimila og skóla. Þriðja þemað fjallar um viðhorf foreldra til síns hlutverks. Fjórða og síðasta þemað fjallar um hvaða áhrif þátttaka foreldra í þessari rannsókn hafði á þá.

4.1 Staður og stund

Bæði könnunin og viðtölin sýndu að börnin lesa oftast heima fyrir mæður sínar og það eru sömuleiðis þær sem hafa frumkvæði að því að lesið sé heima. Í öllum viðtölunum var samt sem áður nefnt að feðurnir tækju stundum þátt í lestrarstundunum en þó ekki í sama mæli og mæðurnar. Í læsisstefnu sveitarfélagsins þar sem rannsóknin var gerð kemur meðal annars fram að mælt sé með því að lesið sé upphátt heima að minnsta kosti fimm daga vikunnar, fimmtán mínútur í senn. Í skólanum þar sem rannsóknin var gerð er stefnan útfærð þannig að ætlast er til þess að hver nemandi lesi heima að lágmarki sextán sinnum í mánuði, fimmtán mínútur í senn.

Í spurningakönnuninni sem ég lagði fyrir foreldra var ég með opna spurningu þar sem bað foreldra að lýsa því hvernig heimalestrarstundunum væri háttað heima fyrir. Sá staður sem oftast var nefndur var eldhúsið og lestrarstundirnar fóru þá yfirleitt fram þegar verið var að undirbúa kvöldmatinn. Mæðurnar lýstu því þannig að þeim þætti best að sitja hjá börnunum á meðan þau lásu, leiðréttu þau ef þess þyrfti og enduðu á að spyrja út í textann. Eitt af svörunum var á þessa leið:

„Það er misjafnt hvar lesið er á heimilinu en oftast er það nú samt eldhúsbordið þar sem við erum yfirleitt að lesa á þeim tíma sem verið er að undirbúa kvöldmatinn. Ég sit alltaf hjá henni þegar hún les. Einstaka undantekningar eru á þessu en þá les hún í bílnum á leiðinni til Reykjavíkur. Við ræðum nánast alltaf um lesefnið, spáum í hvað muni gerast og rifjum upp það sem hefur gerst. Einnig tengjum við umræðurnar við daglegt líf þegar það á við“.

Þær mæður sem svöruðu spurningakönnuninni voru sammála um að heimalestrarstundirnar væru oftast notalegar stundir sem þær og barnið ættu saman. En tvær af þeim mæðrum sem svöruðu könnunni nefndu að oft væri erfitt að finna tíma fyrir heimalestur og væri það oft á tíðum smá streituvaldur.

Í viðtölunum nefndu flestar mæðurnar að eldhúsið væri vinsæll staður þar sem oftast væri lesið um kvöldmatarleytið og því væri hlustað á barnið á meðan verið væri að finna til

eða ganga frá eftir matinn. Fjórar af þeim mæðrum sem veittu viðtal nefndu að það kæmi fyrir að heimalesturinn væri tekinn þegar komið væri upp í rúm á kvöldin en það væri samt sem áður reynt að gera það ekki oft þar sem barnið væri orðið þreytt og pirrað á þeim tíma.

Íris sagði:

„Við erum oft bara upp í rúmi að lesa. Aðdragandinn er oft langur því honum finnst ekkert gaman að lesa og þá erum við svona að vesenast með þetta alveg í klukkutíma áður en hann fer svo að lesa“.

Þegar nemendur lesa fyrir mig í skólanum finnst mér best að þeir sitji við hliðina á mér og nýtum við þá annað hvort borðið mitt eða sófa sem er inni á kennslusvæðinu. Einnig hef ég sest við borðið hjá þeim til að hlusta á þau lesa. Með því að hafa þau við hliðina á mér get ég fylgst vel með því sem þau eru að lesa og hlustað af athygli á meðan. Mér finnst nauðsynlegt að fylgjast vel með hvernig þeim gengur í lestrinum til að geta leiðbeint þeim, sjá hvort lestrarefnið hæfi þeim og líka til að geta rætt við þau um hvernig gangi að lesa heima.

4.1.1 Heimalestur að meðaltali á viku

Niðurstöður spurningakannanna drógu það fram að rúmlega helmingur barnanna eða tólf börn lesa heima að meðaltali fimm sinnum eða oftar í viku, en inni í því voru tvö börn sem lesa sex sinnum eða oftar heima í viku. Sjö mæður af þeim nítján sem svöruðu merktu við að barnið þeirra læsi heima að meðaltali þrisvar til fjórum sinnum í viku. Niðurstöðurnar eru góðar í ljósi þess að flest börnin lesa heima ekki sjaldnar en fjórum sinnum í viku eða sextán sinnum eða oftar í mánuði. Það var líka jákvætt að sjá að engin merkti við að lesið væri heima einu sinni til tvisvar í viku. Í viðtölunum voru mæðurnar nokkuð samhljóða þar sem fjórum til sex sinnum í viku var oftast nefnt en í einu rýnihópaviðtalinu kom fram að reynt væri að gefa frí frá heimalestri um helgar. Í tveimur viðtölum var nefnt að þegar skóli væri daginn eftir væri lesið en með því ná heimalestrarskiptin að vera fimm í venjulegri viku.

Íris sagði:

„Markmiðið hjá okkur er að hafa helgarnar fríar. Maður reddar sér kannski á sunnudagskvöldi, en við reynum samt að hafa það markmið að lesa fjórum til fimm sinnum í viku“.

Hanna sagði:

„Mín les ekki alltaf upphátt þegar hún les en ætli hún sé ekki að lesa fyrir okkur svona sex til sjö sinnum í viku. Hjá okkur er alltaf rúttína með lesturinn“.

Í störfum mínum hafa foreldrar komið að máli við mig til að ræða hvort betra sé að lesa reglulega eða lesa sjaldnar og lesa þá lengur í hvert skipti. Ég hef nefnt í því sambandi að börn þurfi að lesa jafnt og þétt til að ná tókum á lesefni sem þyngist stig af stigi. Ég hef fylgst vel með hversu oft nemendur lesa heima á mánuði og máltækið æfingin skapar meistarann á svo sannarlega við þar.

4.1.2 Fastur tími til heimalesturs

Spurningakönnunin sýndi að á flestum heimilum var ekki tekinn frá fyrirfram ákveðinn tími dagsins til heimalesturs. Í viðtölunum voru niðurstöðurnar svipaðar þar sem flestir voru ekki með fyrirfram ákveðinn tíma. Flestar mæðurnar sögðu að oftast væri lesið rétt fyrir eða rétt eftir kvöldmat. Í öllum þremur viðtölunum kom fram að sá tími væri samt sem áður ekki heppilegur. Börnin væru alls ekki í sínu besta formi til að lesa svona seint og kostaði það blóð, svita og tár að fá þau til að lesa áður en þau færu að sofa.

Íris hafði þetta að segja um fastan tíma til heimalesturs:

„Við brjótum öll lög. Við erum að gera þetta svona eftir eða um hálfnúleytið en þá setjumst við niður og lesum. Það vottar alveg fyrir þreytu og þirringi en oftast er þetta nú gert í einhverju samkomulagi. Þetta er svona einhver stund sem við eigum og svo er bara farið að sofa“.

Rósa sagði aftur á móti að þetta væri aðeins öðruvísi hjá þeim:

„Já við höfum nokkurn veginn verið með fastan lestrartíma þar sem við erum með nokkur börn í grunnskóla. En kannski ekki endilega á slaginu fimm. En það þarf að gera þetta og þá er bara gefin tími eða fundin tími til þess, þá fljótlega eftir að hún er komin heim“.

Mörg börn eru í tómsundum og sum hver á nokkrum æfingum í viku. Ég hef fengið tölvupóst frá foreldrum þess efnis að þeim finnst oft erfitt að koma lestrinum að í rútínunni þegar mikið er að gera hjá börnunum í íþróttum, tónlistarnámi eða öðrum tómsundum. Eitt sem ég hef oftast en ekki nýtt mér þegar ég ræði við nemendur og foreldra er að ef við viljum standa okkur vel í íþróttum/tónlistarskólanum eða öðrum tómsundum þurfum við að æfa okkur og það sama gildi um lesturinn því eins og við vitum sé öll æfing mikilvæg til að ná árangri.

4.1.3 Mínútur eða blaðsíður

Í spurningakönnuninni var leitað svara við því hversu langur tími að meðaltali færi í heimalestur. Könnunin sýndi að rúmur helmingur barnanna eða tíu talsins læsi heima í fimm

til tíu mínútur í hvert sinn á meðan níu börn læsu í tíu mínútur eða lengur. Niðurstöðurnar sýna að börnin eru flest að lesa heima í styttri tíma en skólinn telur mikilvægt. Í viðtölunum voru niðurstöðurnar þær að lesið væri heima allt frá einni blaðsíðu og upp í það að lesa í tuttugu mínútur í hvert skipt. Ég sendi heim lestrartengt verkefni með mynd af ormi (Viðauki G og H). Tilgangur með verkefninu er að ná að lesa í þúsund mínútur. Ormurinn er búin til úr fimmtíu hringjum en hver hringur táknar tuttugu mínútur. Þegar barnið les heima í tuttugu mínútur litar það einn hring á orminum og færist því nær því að lesa heima í þúsund mínútur. Markmiðið með þessu verkefni var að börnin læsu heima í lengri tíma í hvert sinn.

Í viðtölunum kom fram að um helmingur barnanna læsi heima í fimmtán til tuttugu mínútur í hvert sinn en hjá hinum helmingnum var yfirleitt samið um blaðsíðufjölda sem sýnir skýrt að það er allur gangur á því hvort lesið sé í ákveðið margar mínútur eða samið um fjölda blaðsíðna.

Í sambandi við tímann hafði Ásta þetta að segja:

„Núna eftir að hringirnir komu þá hefur mín verið mjög spennt fyrir tuttugu mínútum og ótrúlegt hvað það er eitthvað hvetjandi. Hún hefur hjá sér svona klukku sem telur niður tímann og hringir eftir tuttugu mínútur og henni finnst það mjög fínt.“

Vilborg minnst á að þetta sé aðeins öðruvísi hjá þeim:

„Hjá okkur er þetta rosalegur dagamunur. Það er mjög sjaldan sem ég næ tuttugu mínútum hjá honum. Kemur svona æ, má ég lesa sex blaðsíður, þrjár. Þú veist það er alltaf svona samnings. Svo heldur hann áfram, ég þarf að skrifa líka, þetta er svona ekta svar frá strák finnst mér“.

4.1.4 Lestur á frídögum

Í öllum viðtölunum kom fram að rúttína væri börnum mikilvæg og vegna þess væri gott ef hægt væri að koma heimalestrinum inn í hana. Þegar ég spurði mæðurnar að því hvort það væri rúttína í sambandi við heimalestur þegar frí væri í skólanum og nefndi þar vetrarfrí, jólafrí, páskafrí og þessháttar voru svörin mismunandi. Flestar sögðust ekki nýta fríin nægilega vel, þessi frí væru oft á tíðum svo bókuð að lesturinn yrði einhvern veginn látinn mæta afgangi. Þrjár mæður höfðu orð á því að allra heilögustu dagarnir um jól og páska væru frídagar í heimalestrinum.

Hanna hafði orð á því að ekkert frí væri gefið í heimalestri hjá þeim.

„Já við höfum alltaf haldið lestrinum inni, annars dettur þetta allt úr rúttínu og verður eitthvað svo erfitt. Við höfum verið stíf á því og alltaf haldið því föstu“.

Fjórar mæður töluðu um að það væri frekar erfitt að halda rútinu þegar það væri ekki skóli, það væri eitthvað svo mikið rútinuleysi. Íris hafði þetta að segja:

„Mínum finnst alls ekki gaman að lesa, sem er mjög leiðinlegt. Þannig að nei, við erum bara ekki dugleg að lesa í svona fríum og já það er bara engin rúttína hjá okkur með lesturinn þá, svo mikið í einhverju öðru. Við mættum svo sannarlega vera duglegri í lestri“.

Mikilvægt er að hafa reglu á heimalestrinum og reyna eftir fremsta megni að halda honum inni í rúttínunni. Ég finn það á þeim nemendum sem hafa ekki lesið í löngum fríum að lesturinn verður stirður hjá þeim og hef ég því oft sent heim með þeim lestrartengd verkefni sem hægt er að grípa í og nýta til að hafa lestrarstundirnar svolítið öðruvísi en vanalega þegar venjuleg rúttína raskast. Það getur nefnilega tekið tíma að ná upp þeirri færni sem barnið hafði náð fyrir frí ef lesturinn er látinn mæta afgangi.

4.2 Samvinna um lesturinn

Í viðtölunum spurði ég mæðurnar hvort þeim fyndist að frekar ætti að sinna lestri í skólanum í stað heimalesturs. Þær voru allar tólf sammála því að þetta væri samvinnuverkefni og sjálfsagt að heimilin og skólinn ynnu þetta saman eins og væri gert.

Það er mikilvægt að heimalesturinn fá rými í rúttínu dagsins, bæði fyrir börn og foreldra. Þessar stundir eiga að vera nauðsynlegar til þjálfunar og einnig sem gæðastundir barnanna og foreldranna. Að finna sér stað þar sem hægt er að sitja saman og lesa gefur báðum aðilum mikið. Þó lýsing mín á lestrarstundinni sé falleg að sjá á prenti er ómetanlegt að vera þátttakandi í svona gæðastundum með barninu og ekki skemmir fyrir ef maður sem foreldri nær að kveikja áhuga barnsins á lestrarefninu.

Lestur bóka gerir nefnilega svo margt gott fyrir börn og má meðal annars nefna aukna víðsýni í því sambandi ásamt því að lesturinn kenni börnum að setja sig í spor annarra og átta sig á reglum samfélagsins, bæði þeim skráðu og óskráðu (Brynhildur Þórarinsdóttir, e.d.).

4.2.1 Áhugavert lestrarefni

Í viðtölunum var spurt hvort mæðurnar upplifðu það að börnunum þætti lestrarefnið áhugavert. Flestar mæðurnar sögðu að þeim þætti það sérstaklega eiga við eftir að börnin fengu meira val um lestrarbækur og gætu því valið það sem þau langaði að lesa. Einnig var rætt um hvort það skapaðist umræða um það sem börnin væru að lesa og voru flestar mæðurnar sammála því að auðveldara væri að ræða um innihaldið þegar bækurnar höfðuðu til barnsins .

Rósa sagði:

„Já núna er hún mjög ánægð. Hún er alltaf ánægð með það sem hún velur sér sjálf, nema kannski þarna eina bók um daginn. Þá allt í einu vildi hún ekki lesa og þá fann ég á henni að bókin væri leiðinleg“.

Agnes sagði:

„Ég finn hjá minni núna eftir að hún fór að fara á bókasafnið og velja sér bók. Það virðist vera svo skemmtilegt að hafa meira val og svo bara hefur hún svo mikinn áhuga á að lesa“.

Agnes talaði um að henni þætti mikilvægt að barnið hennar vissi um hvað það væri að lesa og lesskilningur væri tekin inn í lestrarstundina þeirra:

„Þar sem henni finnst þetta svo skemmtilegt hef ég nýtt mér að láta hana segja mér frá blaðsíðunni sem hún las fyrir kennarann í skólanum. Ég vil auðvitað ekki missa af söguþræðinum. Henni finnst það mjög hvetjandi því ég er ekki búin að lesa blaðsíðuna“.

Rúna var sammála Agnesi hvað lesskilninginn varðar:

„Frábært, okkar strákur heldur yfirleitt áfram að lesa bókina uppi í rúmi á kvöldin áður en hann fer að sofa og þá höfum við verið að biðja hann um að segja okkur hvað var að gerast í bókinni“.

Ég finn mikinn mun eftir að nemendurnir fengu að hafa meira val um lestrarbækur og fóru að velja sér sjálfir það sem þeir vildu lesa. Þeir segja mér og samnemendum meira frá því sem þeir lesa og maður finnur hvernig áhuginn er alltaf að aukast hjá þeim. Ég hef líka bent þeim á að ef þeim finnst bókin ekki skemmtilega þá sé í lagi að skipta henni út. Á kennsluvæðinu er ég með bókakassa þar sem nemendur geta líka valið sér bækur. Starfsmaður bókasafnsins fyllir reglulega á kassann og skiptir út bókum í honum. Þegar hann velur bækur í kassann tekur hann mið af þeim bókum sem nemendurnir eru að velja sér á bókasafninu og hefur samráð við mig um val á bókum í kassann og spyr hvort nemendurnir séu að leita að einhverju ákveðnu.

4.2.2 Gæðastundir

Í könnuninni var velt upp þeirri spurningu hvort foreldrar væru að lesa reglulega fyrir barnið. Rúmur helmingur mæðranna svöruðu því að lesið væri alltaf eða oftast fyrir barnið heima. Í viðtölunum kom fram hjá þeim mæðrum sem ég ræddi við og voru að lesa fyrir barnið sitt að lestrarstundirnar færu fram þegar barnið væri komið upp í rúm á kvöldin og væri sannkölluð

gæðastund. Börnin sem lesið var fyrir reglulega gerðu kröfu um að allaf væri lesið fyrir svefninn og héldu fast í þá rútinu, á meðan þau sem sjaldan eða aldrei var lesið fyrir höfðu ekki orð á því. Einnig kom fram hjá hluta mæðranna að foreldrarnir væru nánast hættir að lesa fyrir börnin þar sem þau væru farin að lesa svo mikið sjálf.

Um hvort lesið væri reglulega fyrir barnið hafði Harpa þetta að segja:

„Ekki kannski nægilega. Hún hefur líka kannski ekki nógu mikinn áhuga á því. Hún er ekkert mikil bókamanneskja en henni finnst það kannski alveg gaman en ég þarf alveg að halda því að henni skiljið þið, það er mjög sjaldan sem hún biður mig um að lesa fyrir sig. Hún les sjálf ekki bækur sér til yndisauka. En já ég er að reyna en held hún sé bara ekki komin þangað“.

Hanna sagði:

„Mín er svo föst í rútinu að hún bara getur ekki farið að sofa nema að það sé lesið fyrir hana. Stundum svolítið svona, það má alls ekki missa úr. Hún talaði um það sjálf eftir Orðarún að henni hafi gengið svo vel því hún væri alltaf að læra ný orð því það væri alltaf verið að lesa fyrir hana. Hún hafði orð á þessu sjálf og fannst hún vera að læra mikið að á því. Þannig að við erum kannski að gera rétt með því að lesa fyrir hana“.

Í kennslunni hef ég nýtt mér talsvert að lesa bækur fyrir mína nemendur þar sem við ræðum meðal annars um bækurnar, höfunda þeirra, texta og fleira sem tengist sögunni. Þessar stundir eru sannkallaðar gæðastundir og hef ég fundið að þær eru góðar og notalegar bæði fyrir mig og börnin. Í leiðinni er ég að kynna þau fyrir hinum ýmsu tegundum íslenskra barnabóka.

4.2.3 Bókasafnið

Þar sem í bæjarfélaginu er stórt og gott bókasafn ákvað ég að spyrja út í hvort það væri nýtt fyrir börnin. Könnunin dró fram að stór hluti er að nýta sér bókasafnið við val á bókum en það voru fjórtán mæður af nítján sem svöruðu því játandi. Í viðtölunum kom fram hjá fjórum mæðrum að bókasafnið væri vel nýtt, bæði til að ná í bækur og einnig til að setjast niður saman og skoða bækur. Í tveimur viðtölum kom fram að oft gleymdist að skila bókunum á safnið sem segði þeim að það væri ekki farið þangað reglulega. Einnig kom fram að einstaka sinnum væri farið á bókasafnið en þeim skiptum færi fækkandi því barnið væri ekkert að biðja um það.

Agnes hafði þetta að segja:

„Við nýtum bókasafnið vel, þá sérstaklega á sumrin. Við förum nú líka alveg oft saman á veturna þegar við erum að velja eitthvað sem mig langar að lesa fyrir hana á kvöldin. Þetta verður að vera skemmtilegt fyrir okkur báðar“.

Harpa sagði:

„Veistu, nei við gerum það ekki og hún hefur einhvern veginn ekkert verið að biðja um það eða spyrja um það“.

Þegar ég sagði mæðrunum frá skólabókasafninu og hvað börnin væru dugleg að finna sér bækur sjálf sem hentuðu þeim fann ég að þær voru nokkrar hugsí. Það kom svo í ljós þegar við fórum að ræða um bókasafnið í bæjarfélaginu að þær höfðu sumar hverjar verið kannski svolítið stýrandi þegar börnin voru að velja sér bækur. Ein nefndi það að hún hefði verið að reyna að ýta að sínu barni bókum síðan hún var á sama aldri en barnið hefði ekki verið jafn áhugasamt og hún.

Rúna nefndi í því sambandi:

„Veistu ég einhvern veginn hef alltaf verið með puttana í því sem hann er að velja sér. Ég geri það einhvern veginn án þess að láta hann prófa sjálfan“.

Sólrún sagði:

„Við höfum alveg farið með honum en hann hefur verið mjög duglegur að fara einn með bókasafnskortið sitt og velja sér sjálfur. Svo hafa líka farið saman nokkrir strákar úr bekknum á bókasafnið“.

Skólabókasafnið hef ég nýtt talsvert, bæði fyrir mig í sambandi við mitt starf og einnig hef ég farið með nemendum mína þangað. Sú sem sér um skólabókasafnið tekur alltaf vel á móti nemendum og hefur verið þeim innan handar og leiðbeint þeim þegar þeir velja sér bækur. Nemendurnir hafa gaman af því að fara á bókasafnið og er umhverfið þar einstaklega lestrarhvetjandi. Þegar bókum er skilað geta börnin skrifað umsögn um bókina sem er svo límd framan á bókarkápuna. Þetta geta aðrir nemendur svo nýtt sér þegar þeir velja sér bækur.

4.3 Viðhorf foreldra til síns hlutverks

Á hverju hausti halda umsjónarkennarar hvers árgangs kynningu á skólastarfinu fyrir foreldra og forráðamenn. Á þessum kynningum er tekið fyrir allt það helsta sem snýr að skólastarfinu, námsefni kynnt og farið vel yfir það sem framundan er. Við í teyminu mínu höfum lagt mikið upp úr því að ræða um heimalestur á þessum kynningum og mikilvægi þess að honum sé

sinnt. Við kynnum foreldrum stefnu skólans í sambandi við heimalestur þar sem skólinn telur æskilegt að ekki sé lesið heima sjaldnar en sextán sinnum í mánuði. Við höfum tekið umræðu um að lesturinn sé samvinnuverkefni heimilis og skóla sem mikilvægt sé að sinna og að í því verkefni séu foreldrarnir afar mikilvægir.

Allar þær mæður sem veittu viðtal voru á því að sextán skipti í mánuði væri raunhæft viðmið sem ekki væri erfitt að ná í heimalestri, með því að lesa fjórum sinnum í viku væri því náð. Í einu viðtalinu kom fram að það væri auðvelt að bæta við þessi fjögur lestrarskipti því líka væri hægt að nota helgarnar ef virku dagarnir nýttust ekki vel til heimalesturs.

4.3.1 Áminning í tölvupósti

Viðmið skólans í heimalestrarskiptum samræmist þess vegna ágætlega því sem mæðurnar höfðu að segja. Ef lesið er sjaldnar en sextán sinnum heima fá foreldrar áminningu í tölvupósti (Viðauki I).

Hver nemandi hefur sína lestrarbók og kvittanahefti sem fylgir lestrarbókinni. Þar sem kennarinn skráir líka í heftið þegar barnið les í skólanum er auðvelt fyrir hann að fylgjast með því hvort heimalestri sé sinnt með því að skoða kvittanaheftið en kennararnir gefa einnig stimpil fyrir hvert skipti sem lesið er heima.

Ef heimalestri er ábótavant eru viðhafðar ákveðnar vinnureglur sem kennurum ber að framfylgja og eru þær reglur í þremur liðum (Viðauki J). Fyrsta skrefið er að umsjónarkennari sendi áminningarbréf í tölvupósti til foreldra. Notaður er staðlaður texti þar sem kemur fram að barnið hafi ekki lesið nægilega oft heima miðað við það sem skólinn telji æskilegt. Ef það dugar ekki til hringir umsjónarkennari heim og ræðir við foreldra um ástæðu lítils heimalesturs og ræðir bætingu í þeim efnum. Ef staðan helst óbreytt og ekki koma fram gildar ástæður fyrir því að heimalestri sé ekki sinnt setur umsjónarkennari sig í samband við deildarstjóra sem kemur á fundi þar sem hann, umsjónarkennari og foreldrar setjast niður og fara yfir málin saman.

Af þeim tólf mæðrum sem komu í viðtal voru fjórar sem fannst áminningarbréfið sem sent er í tölvupósti stuðandi. Hinar átta mæðurnar töldu að það þyrfti að ýta við foreldrum þar sem skiptin væru ekki það mörg og alveg ætti að vera gerlegt að ná sextán skiptum í mánuði.

Fríða hafði þetta að segja:

„Mér finnst þetta allt í lagi. Það þarf örugglega stundum að ýta á suma. Þetta er nú eiginlega lámarkið að lesa sextán sinnum í mánuði finnst mér“.

Rúna var ekki alveg á sama máli og sagði:

„Mér finnst þetta óþarfi, þetta stuðaði mig og mér fannst þetta leiðinlegt því maður er alveg að gera sitt besta. En já, ef ég fengi það trekk í trekk þá kannski er það í lagi. En við klikkum einu sinni og þá fær maður skammir fyrir það“.

Innskot rannsakanda:

„Þetta er staðlað bréf sem skólinn er með. Fannst þér orðalagið í bréfinu þá harkalegt eða stuðandi?“

Rúna bætti við:

„Já eiginlega. En samt veit ég alveg að það þarf klárlega að vera áminning en við klikkuðum bara í eitt skipti og þá kom póstur. Kannski á ég ekki að vera að láta þetta trufla mig svona, allavega hætt að fara í mínus ef ég fæ svona póst“.

Harpa hafði þetta að segja:

„Mig minnir að ég hafi fengið svona bréf einu sinni og mín upplifun var svipuð og þín (Beinir orðum sínum til Rúnu). Þetta svona fór inn á samvisku manns og þá fer maður kannski í einhverja vörn en já ég tengi alveg við það sem þú segir. Ef þetta væri búið að gerast þrisvar eða fjórum sinnum þá væri kannski allt í lagi að minna á. Annars veit ég ekki, kannski að það sé gefið þínu svigrúm“.

Agnes sagði:

„Ég er samt á því að það þurfi að vera einhver áminning“.

Svava nefndi í því sambandi:

„Ég fæ rosalega oft áminningu en samt er strákurinn minn að sprengja alla skala í lestri. En á tímabili fannst mér þetta ósanngjarnt, en ég meina það er samt held ég bara fínt fyrir okkur að fá áminningu“.

Þegar ég hef sent heim áminningarpóst í sambandi við heimalestur hef ég oftast en ekki fengið póst á móti frá foreldrum. Ástæðurnar geta verið að það sé erfitt að fá börnin til að lesa heima eða að bækurnar henti ekki og stundum vilja foreldrar fá ráð í sambandi við góðar leiðir í heimalestri. Einnig hef ég fengið spurningar frá foreldrum eins og af hverju er betra að lesa oft heldur en að lesa sjaldnar og þá meira í hvert skipti og að barnið sé bara á góðri siglingu í lestri, nái viðmiðum og hvort að það þurfi virkilega að lesa svona oft. Öllum tölvupóstum svara ég skilmerkilega því þetta er svo sannarlega samvinnuverkefni heimilis og skóla þar sem allir aðilar eru mikilvægir hlekkir. Orðið áminning er kannski ekki heppilegt orð

til að nota í skólastarfi þar sem það tengist stundum ákveðnu valdi yfirmanns yfir undirmanni. Orðið gæti átt sinn þátt í því að sumum foreldrum fannst áminningarpóstur vera stuðandi.

4.3.2 Pressa frá skólanum

Það kom bersýnilega í ljós í spurningakönnuninni að foreldrar finna fyrir miklum þrýstingi frá skólanum um að sinna heimalestri. Af þeim nítján mæðrum sem svöruðu spurningalistanum voru fimmtán sem fannst alltaf eða oftast vera þrýstingur frá skólanum á meðan sex mæðrum fannst sjaldan eða aldrei vera þrýstingur frá skólanum um að heimalestri væri sinnt.

Í viðtölunum skiptist þetta í tvennt þar sem helmingi mæðranna fannst alls ekki þrýstingur frá skólanum um að sinna heimalestri enda ættu foreldrar að taka þátt á meðan hinn helmingurinn hafði á orði að það væri hamrað á því í hverju fréttabréfi sem kæmi út í hverri viku. Einnig kom fram hjá einni móðurinni að þrýstingurinn virkaði betur á hana en barnið.

Agnes hafði þetta að segja um þrýstinginn frá skólanum:

„Er ekki í lagi að það sé pressa, ég meina það á að vera pressa á okkur. Við eigum að taka þátt. Það er líka fínt þegar þið gefið stjórnustimpil í kvittanaheftið þegar lesið er heima og merkið inn á hvað skiptin voru mörg í vikunni sem er búin. Þetta virkar held ég meira á mig en hana“.

Hanna var ekki alveg á sama máli og sagði:

„Já það myndi ég segja. Í vikupóstinum kemur alltaf að eitthvað í sambandi við að muna eftir að lesa“.

Á hverjum föstudegi sendir kennarateymið foreldrum í árganginum fréttabréf þar sem meðal annars er farið yfir helstu verkefni liðinnar viku í skólanum og það sem framundan er. Einnig er fastur dálkur í fréttabréfinu ætlaður heimalestri. Í þeim dálki eru hvatningarorð í sambandi við heimalestur, einnig minnt á heimalestur og jafnvel kynntar góðar leiðir í lestrarþjálfun.

4.4 Áhrif heimalestursverkefnisins á foreldra

Á þeim tíma sem ég hef verið að vinna meistaraverkefnið mitt hef ég sent nemendur mína heim með sex lestartengd verkefni til að nýta í heimalestrarstundum. Öll verkefnin útbjó ég

sjálf og gaf þeim heitið Lesum saman og voru verkefnið merkt frá einum og upp í sex. Markmiðið með þeim öllum var að fá tilbreytingu í heimalestrarstundirnar og í leiðinni að kveikja áhuga barnanna á lestri.

Verkefnið voru útbúin jafnt og þétt á rannsóknartímabilinu. Hugmyndirnar fékk ég eftir þælingar, ígrundun og önnur skrif sem höfðu ratað í dagbókina mína, en í hana skrifaði ég reglulega á meðan ég vann við rannsóknina. Ég hafði nemendahópinn minn í huga þegar ég setti verkefnið saman til að þau myndu höfða sem mest til þeirra allra. Það var ekki fyrirfram ákveðið hvernig hvert verkefni ætti nákvæmlega að verða, á hverju það ætti að taka og hvenær það færi heim með nemendum. Hugmyndirnar komu í öllum tilfellum eftir skrif mín í dagbókina og voru útbúin í framhaldi af þeim. Ég hafði þó í huga að ég vildi hafa þau ólík og að það væri jafnvel hægt að nýta hvert og eitt þeirra oft en einu sinni. Hér á eftir geri ég grein fyrir hverju verkefni fyrir sig, megináherslum þeirra og markmiðum.

Í viðtölunum fór ég vel yfir hvert og eitt verkefni og spurði mæðurnar út í það hvort verkefnið hefðu verið nýtt í heimalestrarstundum. Allar sögðust þær hafa nýtt þau eitthvað en mismikið þó. Eitthvað af verkefnum sögðust þær ennþá vera að nýta. Þegar ég spurði hvort verkefnum hefðu fylgt skýrar leiðbeiningar voru þær á því að svo hefði verið. Auk þess kom fram að verkefnið höfðu verið kynnt vel fyrir nemendum í skólanum svo þeir væru meðvitaðir um, þegar heim væri komið, hvernig ætti að vinna með þau. Í þessum kafla mun ég gera grein fyrir hverju og einu verkefni sem ég sendi heim.

4.4.1 Lesum saman - verkefni 1

Í fyrsta verkefninu (viðauki K og L) var ég með hugmyndir að skemmtilegum heimalestrarstundum. Þetta voru verkefni þar sem valinn var texti við hæfi og lesið með ólíkum röddum þar sem ímyndunaraflíð var látið ráða. Bergmálslestur, þar sem sá sem lesið er fyrir les fyrst og svo endurtekur barnið. Punktalestur, en þar skiptast barnið og sá sem barnið les fyrir á að lesa frá punkti til punkts. Síðasta hugmyndin var svo lesskilningur þar sem rætt er um innihald textans áður en lesið er, á meðan lesið er og einnig þegar lestri lýkur.

Það sem ég hafði í huga varðandi þetta fyrsta verkefni var að kveikja áhuga barnanna á lestri og sýna fram á hvað lesturinn væri spennandi. Með nokkrum einföldum hugmyndum er hægt að leika sér með heimalesturinn á skemmtilegan hátt. Með því að fá foreldrana til að lesa og börnin til að hlusta eflist bæði orðaforði barnanna og lesskilningur sem leiðir til þess að þau eigi auðveldara með að skilja um hvað efnið er.

Ég spurði mæðurnar hvort verkefnið hefði verið nýtt í lestrarstundum og þá hvort eitthvað hefði frekar verið nýtt en annað. Flestar höfðu nýtt sér eitthvað af því sem var á blaðinu.

Vilborg sagði:

„Þetta verkefni var mjög sniðugt og mikið notað hjá okkur já og við notum það enn. Við lesum blaðsíður til skiptis en við höfum líka lesið blaðsíðuna saman, held það sé punktalestur, þegar ég les frá einum punkti að næsta og svo tekur hann við. Fannst gott að nýta þetta til að brjóta upp lestrarstundirnar“.

Hanna hafði þetta að segja um verkefnið:

„Við nýttum okkur þetta fyrst þegar þetta kom, en núorðið nýtum við helst lesskilninginn. Okkur finnst hún vera orðin svo miklu öruggari í lestrinum núna. Gott líka að sjá hvort hún skilur það sem hún er að lesa þegar bækurnar eru orðnar þyngri. Það koma oft orð sem hún skilur ekki alveg og þá finnst okkur gott að ræða þau“.

Verkefnið er bæði fjölbreytt og skemmtilegt og það var það sem ég hafði í huga þegar ég útbjóst þetta fyrsta verkefni. Mér fannst æskilegt að hafa verkefnið þess eðlis að allir gætu nýtt sér eitthvað úr því.

4.4.2 Lesum saman - verkefni 2

Í verkefni tvö (viðauki M og N) var ég með nokkrar hugmyndir að lestrarstundum heima. Þessar hugmyndir voru: Að lesa fyrir alla fjölskylduna, að lesa fyrir lítið barn eða dýr, að lesa frétt í fréttablaði, að lesa ljóð eða kvæði, að lesa undir teppi með vasaljós, að lesa við kertaljós og að lesa með klemmt fyrir nefið. Ég fann að það síðasta, að lesa með klemmt fyrir nefið, var vinsælt í lestrarstundum hérna í skólanum.

Í þessu verkefni var markmiðið að leyfa börnunum að velja sjálf fjölbreytt lesefni sem þeim þætti áhugavert, ásamt því að æfa sig í að lesa fyrir einhvern annan en þann sem vanalega er lesið fyrir.

Eitt barnið nefnda líka við mig að það hefði lesið mjög góða grein í gömlu Bændablaði sem fjallaði um heybindivél og að hundurinn hans hefði hlustað á hann lesa. Ég spurði mæðurnar hvort verkefnið hefði verið nýtt í heimalestri og eins hvort eitthvað í verkefninu hefði staðið upp úr.

Fríða hafði þetta að segja:

„Við erum búnar að nota þetta svolítið. Það var reynt að nota þvottaklemmu sem var frekar vont, svo hún hélt bara fyrir nefið. Þetta er mjög skemmtilegt verkefni“.

Helga sagði:

„Við notum þetta stundum ómeðvitað. Þá höfum við verið að prófa að lesa til dæmis íþróttufréttir úr Fréttablaðinu“.

Hugmyndina að þessu verkefni fékk ég þegar einn drengurinn í hópnum sagðist hafa gleymt lestrarbókinni í skólanum. Í stað þess að lesa ekki neitt heima varð fyrir valinu grein í Lífandi vísindum um geitunga. Það var skemmtilegt að heyra hvað hann var áhugasamur um það sem hann hafði verið að lesa. Einn möguleikinn sem börnin höfðu líka val um í verkefninu var að lesa ljóð eða kvæði, en ég hafði verið að vinna með ljóð og íslenska lagatexta í bókmenntatímum og því tilvalið að prófa að lesa eitthvað nýtt og aðeins öðruvísi í heimalestri.

4.4.3 Lesum saman - verkefni 3

Þriðja verkefnið (viðauki O og Ó) má segja að sé hvatning til aukins heimlesturs. Í því verkefni, sem ber nafnið Lestrarhestur, geta þeir nemendur sem lesa sextán sinnum eða oftast heima orðið lestrarhestar. Um hver mánaðarmót eru lestrarhefti barnanna skoðuð og talið hversu oft var lesið heima í liðnum mánuði. Þeir sem verða lestrarhestar fá viðurkenningarskjal (12cm x 15cm) sem er myndskreytt með nafni barnsins og skráningu á hversu oft það las í mánuðinum ásamt undirskrift kennara. Viðurkenningarskjalinu er ekki flaggað fyrir framan hópinn. Þegar barnið les fyrir kennarann fær það að sjá viðurkenninguna sem fer svo með barninu heim í lestrarvasa þess. Þetta verkefni er búið að vera í gangi síðan í september og verður því haldið inni út skólaárið. Hinir kennararnir í teyminu hafa einnig nýtt sér verkefnið í sínum bókmenntahópi. Allir viðmælendur mínir voru ánægðir með þetta verkefni og fannst það hvetjandi.

Markmiðið með verkefninu var að lesa sem oftast heima og að heimalestrarskiptin færu ekki niður fyrir sextán í mánuði. Talin voru þau skipti sem kvittað var fyrir heimalestri í kvittanaheftið og fengu þeir nemendur sem lásu sextán sinnum eða oftast viðurkenningu. Ég hvatti nemendur reglulega til að breyta til og lesa fréttir, utan á umbúðir eða hvað sem þeim dytti í hug í bland við þær bækur sem þau höfðu valið sér sem heimalestrarbók.

Ein nefndi að barnið sitt ætti það meira að segja til að stinga upp á lestrarstund, því það mætti ekki missa af Lestrarhestinum. Einnig kom fram að þetta væri gott fyrir foreldra líka og héldi þeim við efnið. Ég spurði mæðurnar hvernig þeim þætti verkefnið og hvort þeim myndist það hvetjandi:

Ásta nefndi þetta í sambandi við verkefnið:

„Þetta finnst mér mjög hvetjandi verkefni og virka vel á mína. Hún hefur verið mjög upptekin af þessu síðan þetta byrjaði. Alltaf að telja hvað hún er búin að

lesa oft og spá og spekulera hvað mörg skipti hún þarf í viðbót til að verða lestrarhestur“.

Helga sagði:

„Mér finnst þetta verkefni alveg frábært. Svo flott og bara líka svo hvetjandi“.

Þetta verkefni var ég búin að hugsa um lengi en vissi ekki almennilega hvernig ég ætti að útfæra það. Ég hafði heyrt á nokkrum foreldrum að erfitt væri að fá börnin til að lesa heima, að þetta væri of oft töpuð barátta og því væri ekki nægilega oft lesið heima. Með verkefninu vildi ég sjá hvort það hefði hvetjandi áhrif á nemendur, sem það hafði svo sannarlega.

4.4.4 Lesum saman - verkefni 4

Næsta verkefni, sem var númer fjögur (viðauki P og R), var jólalestur eða jólabingó til að nýta jólafríinu. Í því verkefni voru tuttugu og fimm hugmyndir að heimalestrarstundum. Þarna voru hugmyndir eins og að lesa jólasögu, lesa í ullarsokkum og lesa á náttfötunum svo eitthvað sé nefnt. Í gegnum tíðina hafa farið heim jólabingó, páskabingó og sumarbingó en ég ákvað að hafa mitt bingó fjölbreytt með allskyns möguleikum til að brjóta upp lestrarstundirnar í jólafríinu. Lestarstundirnar sem bingóið bauð upp á voru að lesa jólasögu, lesa úti, lesa ljóð, láta lesa fyrir sig og lesa við kertaljós ásamt tuttugu öðrum hugmyndum. Hinir kennararnir í teyminu nýttu sér einnig þetta jólabingó.

Markmiðið með jólabingóinu var að hafa fjölbreyttar aðferðir í heimalestri í annasömum mánuði og kveikja áhuga barnanna á lestri í skemmtilegu og fjölbreyttu umhverfi.

Mæðurnar höfðu orð á því hvað þetta væri gott í svona mánuði eins og desember, þegar svo margt væri í gangi og oft erfitt að fá börnin til að lesa þegar rúttínan væri lítil sem engin. Ég ákvað því að spyrja hvort verkefnið hefði verið nýtt í jólamánuðinum og hvernig þeim hefði fundist verkefnið virka?

Hanna nefndi þetta:

„Þetta verkefni hitti algjörlega í mark hjá minni stelpu. Henni langaði að krossa við allt og var alltaf að spá og athuga hvað hún ætti eftir og hvenær hún gæti gert hvað“.

Harpa sagði:

„Þetta bara gefur manni hugmyndir eins og þegar á að lesa um helgar og það er verið að fara eitthvað, þú veist lesa í bílnum því manni dettur það öllu jöfnu ekki í hug“.

Agnes bætti við svar Hörpu:

„Ég nota það einmitt oft ef við þurfum að fara í bæinn eða eitthvað. Þá tökum við lestravasann með og hún les aðra leiðina og þá náttúrliga nær hún að lesa miklu lengur en tuttugu mínútur og er ekkert að spá í tímanum“.

Íris hafði þetta að segja:

„Þetta verkefni er mjög flott en við gerðum ekki neitt af þessu. Við vorum úti á Flórída og bara slepptum alveg lestri. En ég tók samt lestrarbókina með, en við einhvern veginn gerðum samt ekki neitt. En þetta er mjög skemmtilegt verkefni“.

Ég ákvað að búa til verkefni þar sem nemendurnir hefðu úr mörgu að velja til að lífga upp á lestrarstundir í jólafríinu. Heimalesturinn hefur oft orðið undir í desember og því setti ég saman skemmtilegt verkefni til að hvetja til heimalesturs.

4.4.5 Lesum saman - verkefni 5

Fimmta og næstsíðasta verkefnið (Viðauki G og H) er 1000 mínútna ormurinn. Markmiðið með því verkefni er að lesa í tuttugu mínútur í hvert skipti sem lesið er heima. Eftir hverjar tuttugu mínútur sem búið er að lesa er einn hlekkur á orminum litaður, en ormurinn er samtals fimmtíu hlekkir. Þegar búið er að lita alla fimmtíu hlekkina er nemandinn búin að lesa í 1000 mínútur frá því hann litaði fyrsta hlekkinn.

Markmiðið með verkefninu er að lengja lestrarstundirnar. Einnig hafði ég það í huga með þessu verkefni að lesturinn væri farin að flæða nokkuð vel hjá þeim, þau væru að lesa bækur sem þau völdu sjálf og því skemmtilegt að komast lengra í áhugaverðri bók. Þá væri gaman að ræða um það sem lesið var því þau væru að komast lengra í bókinni með því að lesa í lengri tíma í senn.

Flestir, ef ekki allir, voru byrjaðir að vinna í þessu verkefni. Einhverjir lituðu hálfan hring á dag og var þá lestrarstundin þeirra tíu mínútur, á meðan aðrir lásu í tuttugu mínútur. Ég spurði mæðurnar út í verkefnið og hvort það væri nýtt í heimalestri.

Ásta hafði þetta að segja:

„Þetta er mjög hvetjandi og minni finnst þetta mjög spennandi. Hún stillir skeiðklukku á tuttugu mínútur og les í tuttugu mínútur. Það hefur nefnilega oft verið tuð hjá okkur í sambandi við hvað á að lesa lengi en núna heyrst það bara ekki“.

Hanna nefndi að þetta væri aðeins öðruvísi hjá sinni stelpu:

„Lestrarstundin okkar er tuttugu mínútur, en stundum erum við ekki að lesa allan tímann. Inni í þessum tuttugu mínútum er orðaskrift og svo tökum við smá tíma í að ræða um það sem er að gerast í sögunni“.

Hugmyndin að þessu verkefni kviknaði þegar eitt barnið hafði orð á því að stundum á sunnudögum læsi það margar blaðsíður og svo væri þeim skipt niður á föstudag, laugardag og sunnudag í staðinn fyrir að kvitta bara fyrir sunnudeginum. Ég var svolítið hugsí yfir því hvernig ég gæti útfært verkefni þar sem nemendurnir læsu lengur heima en fyrir mig í skólanum. Ég teiknaði uppkast að orminum og taldi út hvað ég þyrfti marga hringi til að ná 1000 mínútna markmiði en í árganginum er unnið mikið með töluna 1000 og því tilvalið að nýta sér það. Það passað vel að hafa mínúturnar tuttugu og fjöldinn á hringjunum passaði vel á blaðið. En þar fyrir utan eru 1000 mínútur gott markmið í heimalestri.

4.4.6 Lesum saman - verkefni 6

Síðasta verkefnið (Viðauki S og T) sem fór heim var eina verkefnið sem ég bað sérstaklega um að yrði skilað til baka þegar búið væri að vinna það. Verkefnið var samvinnuverkefni foreldranna og barnsins. Það fólst í því að börnin ásamt foreldrunum lásu saman texta sem vakti áhuga beggja. Textinn gat til að mynda verið einhverskonar uppskrift, frétt, lagatexti, ljóð, eitthvað í umhverfinu, eins og textinn á morgunkornspakkanum, svo eitthvað sé nefnt eða bara eitthvað annað sem vakti áhuga beggja.

Markmiðið með verkefninu var að börnin veldu sér fjölbreytt lesefni í samvinnu við foreldra, eins og ljóð, söngtexta, blaðagreinar eða eitthvað allt annað. Einnig hafði ég í huga að nemendur og foreldrar ættu saman gæðastund þar sem valið væri lesefni við hæfi, tengt áhugasviði bæði foreldra og barna

Um helmingur verkefnanna skilaði sér til baka og það var virkilega skemmtilegt að skoða þau. Verkefnin voru öll mjög ólík, sem var einstaklega skemmtilegt. Einu verkefninu var skilað bæði í rituðu máli og með mynd í takt við verkefnið sem barnið hafði teiknað (Viðauki U) . Barninu og móður þess þótti verkefnið mjög skemmtilegt en fyrir valinu hjá þeim var ljóð eftir Þorstein Erlingsson úr Vísnaþókinni. Ljóðið er um lítinn fugl sem biður manneskju að fara varlega í kringum ungana sína. Barnið fékk að velja bókina en móðirin stoppaði við ljóðið af því það var í sérstöku uppáhaldi hjá henni þegar hún var lítil stúlka. Foreldrarnir sem höfðu unnið verkefnin með börnunum voru mjög ánægðir með það. Ég spurði viðmælendur mína hvernig þeim hefði þótt verkefnið og hvernig það hefði gengið.

Agnes sagði:

„Það gekk mjög vel hjá okkur. Við völdum að finna upplýsingar um hundategundina franskan bolabít. Við fórum á Vísindavefinn og fundum

upplýsingar sem við lásum til skiptis. Okkur fannst þetta verkefni mjög skemmtilegt og fróðlegt“.

Hanna lýsti verkefninu sem hún og dóttir hennar völdu:

„Mín var nú ekkert of áhugasöm til að byrja með en gekk svo ljómandi vel þegar við byrjuðum. Við völdum okkur lag á Youtube og textann við lagið fundum við á Netinu. Svo sungum við þetta saman og litli bróðir hennar fékk að vera með. Þetta var mjög skemmtilegt verkefni. Við fundum það þegar við vorum með textann fyrir framan okkur að í honum voru orð sem við höfðum ekki hugmynd um að væru í honum“.

Einnig skiluðu sér verkefni þar sem lesið var um risaeðlur, ljóðið Smaladrengrinn var lesið, sagan um Mjallhvíti og dvergana sjö, lesið var um Loka í bókinni Norrænu goðin, utan á grjónagrautsumbúðir, ípróttafréttir, skilti með texta og grein í Lífandi vísindum um höfrunga.

Ég fann á nemendunum að þeim þótti verkefnið spennandi þar sem frelsið var svo mikið fyrir foreldrana og börnin að velja sér texta saman.

4.4.7 Lestrarátakið

Það voru einungis mæður sem svöruðu spurningalistanum sem ég sendi foreldrum í upphafi rannsóknarinnar og voru það því allt mæður sem voru tilbúnar að veita mér viðtal. Í öllum rýnihópaviðtölum þremur sem ég tók við mæðurnar tólf kom í ljós að heimalesturinn væri eitt af þeim hlutverkum sem þær tækju að sér heimavið og mörg barnanna þekktu ekkert annað en að lesa heima fyrir mömmu. Það væri oft á tíðum baráttu að fá börnin til að lesa en á móti fannst þeim auðvelda mikið lestrarstundirnar að börnin hefðu meira val á lestrarbókum. Til að mynda væri litið til þess hverju þau hefðu áhuga á og fengju aðstoð við að finna sér áhugaverðar bækur til að nýta í heimalestri. Einnig höfðu þær orð á því að fjölbreytt lestraverkefni hefðu oftast en ekki gert heimalesturinn að meiri gæðastund en áður. Í öllum viðtölunum kom fram að mæðurnar væru að sjá framfarir hjá börnunum sínum í lestri og væru meðvitaðri um sitt hlutverk og sömuleiðis hvað það skipti miklu máli að samstarfið á milli kennara og foreldra væri gott. Ég bað viðmælendur mína að líta í huganum yfir veturinn og meta með mér hvort þetta lestrarátak hefði skilað minni, jafnmiklum eða vaxandi áhuga þeirra á lestrarnámi barnanna og þá hvernig áhrifin eða aukinn áhugi hefði komið fram.

Ásta hafði þetta að segja:

„Vaxandi áhuga hjá mér a.m.k. Mér finnst þetta vera mjög hvetjandi og maður þarf ekki að tuða eins mikið í að lesa heima af því að hún fær hitt og þetta í

staðinn, eins og kross á bingóið, lestrarhestinn og þannig. Það má segja að það sé umbun fyrir að lesa“.

Vilborg bætti við:

„Ég er sammála Ástu með vaxandi áhuga. Finn það til dæmis þegar hann kemur á móti mér þegar ég kem úr vinnu með Lestarhestinn og segir mér að hann hafi orðið lestrarhestur í dag“.

Sólrún sagði:

„Ég myndi segja meiri eða já eiginlega vaxandi bara. Finn á mínum að hann hefur meiri áhuga á bókum, meiri lestraráhugi og sjálfstæðari að velja sér bækur sjálfur“.

Helga bætti við:

„Ég er einhvern veginn miklu meðvitaðri og já vaxandi áhugi myndi ég segja. Ég finn líka einmitt á mínum að hann er mikið að spá í nýjum bókum og auglýstum bókum“.

Íris endaði þetta með því að segja:

„Það á svo eftir að skila sér það sem þú ert að gera með börnunum og okkur, Eygló.“

Ég finn það sjálf að foreldrarnir eru óhræddir við að leita ráða hjá mér í sambandi við lesturinn, hvað varðar val á bókum, leskraða, lesskilning og fleira. Ég hef fengið símtöl og spurningar í gegnum tölvupóst og einnig hafa foreldrar skrifað línu í kvittanaheftið frá barninu ef þeir vilja koma skilaboðum til mín. Ég hef átt virkilega gott samstarf við alla þá tuttugu foreldra barnanna sem eru í mínum hóp sem ég veit að hjálpar mikið í verkefni sem þessu.

5 Umræður

Í þessum kafla verður leitast við að ræða niðurstöður rannsóknarinnar og leggja drög að svari við rannsóknarspurningunni: Hvert er hlutverk foreldra í lestrarnámi barna á yngsta stigi grunnskóla? Fjallað verður um stað og stund í heimalestri þar sem komið verður inn á hversu oft er lesið heima að meðaltali á viku, hvort fastur tími sé tekinn til heimalesturs, hvort unnið sé með mínútur eða blaðsíðufjölda og farið yfir hvort rúttína á lestri haldist inni á frídögum. Þá verður fjallað um samvinnu heimilis og skóla um lesturinn, áhugavert lesefni, gæðastundir og bókasafnið. Næst kemur að viðhorfi foreldra til síns hlutverks þar sem fjallað verður um áminningar sem berast í tölvupósti og áherslu frá skólanum á að heimalestri sé sinnt. Þá tekur við umræða um heimalestursverkefnið þar sem ég ræði í því sambandi þau lestrartengdu verkefni sem hafa farið heim ásamt því að fara yfir lestrarátakið.

5.1 Staður og stund

Bæði spurningakönnunin og viðtölin sýndu að mæðurnar sjá að mestu leyti um lestrarstundirnar heima og það eru einnig þær sem hafa frumkvæði að því að það þurfi að sinna heimalestri. Þótt feðurnir reyni að taka þátt líka er það ekki í sama mæli og hjá mæðrunum. Samkvæmt Hattie (2009) hefur þátttaka foreldra í skólastarfi áhrif á námsárangur barna og styrkir þau sömuleiðis í námi. En í sambandi við lestrarnám nefna Mullis, Mullis, Cornille, Ritchson og Sullender (2004) að því fyrr sem foreldrar verða þátttakendur í lestrarnámi barna sinna, því meiri líkur séu á að viðvarandi árangri sé hægt að ná.

Það voru einungis mæður sem svöruðu spurningalistunum og veittu viðtal. Þær voru sömu skoðunar þegar ég ræddi við þær í viðtölunum og nefndu að þetta væri verkefni sem þær hefðu tekið að sér og svona væri þetta bara. Ég hef verið að skoða kvittanahefti barnanna sem nýtt eru í lestri reglulega en eftir að ég tók viðtölin við mæðurnar fór ég að skoða betur hver það væri sem kvittaði fyrir lestri barnanna. Það kom mér svolítið á óvart hvað feðurnir voru lítið nefndir í þessu sambandi í viðtölunum þar sem þeir kvittuðu ansi oft í heftin fyrir heimalestrinum þó að auðvitað hafi það ekki verið algilt. Þarna staldraði ég aðeins við og velti því fyrir mér hvort heppilegra hefði verið að hafa frekar einstaklingsviðtöl og þá hvort það hefði verið auðveldara fyrir hverja og eina móður að segja hvernig þetta væri nákvæmlega unnið heima. En þegar ég fór að hugsa þetta betur og skoða samskipti mín við foreldrana í sambandi við heimalesturinn kom í ljós að það eru mæðurnar sem setja sig í samband við mig. Því er ljóst að það eru oftast mæður sem taka að sér þetta mikilvæga hlutverk að sinna heimalestri. Þær taka því sýnilegri þátt í námi barna sinna hvað lesturinn varðar en þátttaka foreldra hefur áhrif á námsárangur eins og áður segir.

Heimalestrarstundirnar fóru yfirleitt fram í eldhúsinu, en það var sá staður sem oftast var nefndur, bæði í spurningakönnuninni og viðtölunum. Lestrarstundirnar voru yfirleitt öðru hvoru megin við kvöldmatinn og því þótti eldhúsið tilvalin staður til að lesa á. Flestar voru mæðurnar á því að lestrarstundirnar væru oftast notalegar samverustundir þeirra og barnanna þar sem þær sætu hjá börnunum, leiðréttu þau ef þess þyrfti og ræddu um innihalda textans. Helga Sigurmundsdóttir (e.d.) kemur inn á það að með því að skapa notalega stund í kringum heimalesturinn í upphafi lestrarnáms geti lestrarstundirnar orðið ljúfar samverustundir. Hún nefnir einnig að með því að hrósa, hvetja og eiga áhugaverðar umræður skapist möguleiki á að efla færni barna í lestri.

5.1.1 Heimalestur að meðaltali á viku

Niðurstöður spurningakannanna sýndu að rúmlegur helmingur barnanna eða tólf talsins voru að lesa að meðaltali fimm sinnum eða oftar heima í viku, en sjö börn voru að lesa að meðaltali fjórum til fimm sinnum í viku. Í viðtölunum voru flest svörin á þá leið að heimalestri væri sinnt að meðaltali fjórum til sex sinnum í viku. Niðurstöðurnar eru því í ágætu samræmi eða takti við stefnu skólans þar sem kemur fram að mikilvægt sé að nemendur lesi upphátt heima ekki sjaldnar en sextán sinnum í mánuði eða um það bil fjórum sinnum í viku.

Það er góð og gild regla að börn lesi heima á hverjum degi ef hægt er að koma því við (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.). Börn sem eiga auðvelt með lestur fara að lesa af sjálfsdáðum og sýna oft en ekki miklar framfarir á skömmum tíma. Þó þarf að fylgjast vel með svo þjálfun falli ekki niður. Niðurstöður sýndu að foreldrar veltu ýmsu fyrir sér sem tengist fjölda lestrarstunda. Foreldrar hafa komið að máli við mig til að ræða hvort það væri betra að lesa reglulega eða lesa sjaldnar heima og þá lengur í hvert skipti. Þá var mitt svar að nemendur þyrftu að lesa jafnt og þétt til að ná tókum á lesefninu sem þyngdist stig af stigi, enda sýna rannsóknir það ótvírætt. Í framhaldinu útskýrði ég að það væri eins í lestrinum og í tómsbundunum að æfingin skapaði meistarann.

Í hópnum mínum eru nemendur sem lesa daglega heima og það er ekkert mál að fá þá til að lesa í skólanum. Ég finn það hjá þeim nemendum sem lesa ekki eins oft að þeir eru oft feimnir við að lesa og stinga gjarnan lestrarbókinni sinni aftast í staflann þegar ég er að láta lesa. Við vitum að æfingaleyfi gerir börn óörugg í lestrinum. Einnig kann að vera að sum þeirra sé meðvituð um að þau uppfylli ekki viðmið skólans um heimalestur. Ég hef rætt við nemendur um að það sé góð regla að lesa alltaf heima þegar það er skóli daginn eftir. Með því ná þau að lesa fimm daga vikunnar.

5.1.2 Fastur tími til heimalesturs

Bæði í spurningakönnuninni og í viðtölunum kom fram að fyrirfram ákveðinn tími dagsins til heimalesturs var ekki til staðar. Heimilin tengdu ekki öll við að um ljúfar samverustundir væri

að ræða því fram kom að oft væri erfitt að finna tíma fyrir heimalestur og að það gæti verið streituvaldur. Oft var tíminn í kringum kvöldmatinn nýttur til að lesa sem virkaði ágætlega fyrir suma en samt sem áður var það nefnt að sá tími væri kannski ekki endilega sá hentugasti. Í *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013) segir að foreldrar beri ábyrgð á því að heimanámi sé sinnt og að frístundastarf og annað starf utan skóla eigi ekki að koma niður á námi barnanna. Börn sem eru í tómsundum er oft ekki að koma heim fyrir en seinnipart dags og því er heimalestri ekki gefið rými fyrir en þá. Þessi tími er ekki besti tíminn fyrir börnin sem getur eðlilega orsakað þirring og ergelsi. Einnig kom fram í viðtölunum að gefin væri stund til heimalesturs þegar komið væri upp í rúm á kvöldin sem væri ekki endilega besti tíminn þar sem barnið væri orðið þirrað og þreytt eftir daginn. Segja má að niðurstöðurnar sýni glögg að mörgum foreldrum reynist erfitt að uppfylla kröfur Aðalnámskrár og að veruleikinn sé oft ólíkur því sem fræðimenn ráðleggi um lestrarstundir.

Flouri, E. og A. Buchanan (2004) vísa til þess hversu mikilvægt það er að börn lesi reglulega heima með foreldrum sínum og að talið sé að það hafi úrslitaáhrif á frammistöðu þeirra í lestri. Höfundar nefna einnig að niðurstöður rannsókna á þessu sviði styrki þau sjónarmið og sýni fram á að þátttaka foreldra í lestrarnámi barna hafi töluverð áhrif á námsárangur þeirra. Það er því í höndum foreldra að setja hentugan lestrartíma inn í rútínu dagsins til að forðast það að lestrarstund, sem gæti verið skemmtileg samverustund, kosti blóð, svita og tár.

5.1.3 Mínútur eða blaðsíður

Samkvæmt spurningakönnuninni tók heimalestrartíminn hjá rúmlega helmingi hópsins um fimm til tíu mínútur á meðan heimalestrartíminn hjá níu börnum stóð í tíu mínútur eða lengur. Í viðtölunum kom annars vegar fram að lesnar væru ákveðið margar blaðsíður og hins vegar að fyrirfram ákveðinn tími væri settur þegar lesið væri heima. Nefnt var allt frá einni blaðsíðu og upp í tuttugu mínútur sem væri lesið í hverri heimalestrarstund. Samkvæmt þessum niðurstöðum vinna ekki allir foreldrar eftir stefnu skólans, en í henni er talað um að miðað sé við að lestrarstundin sé um fimmtán mínútna löng. Þar sem heimalestur er helsta heimanámið á yngsta stigi er mikilvægt að halda lestrarþjálfuninni í rútínu því með góðri þjálfun eykst færni barnanna í lestri. Börn eru misjafnlega móttækileg og lestur er þar ekki undanskilinn. Helga Sigurmundsdóttir (e.d.) nefnir í því sambandi að á meðan sum börn eigi auðvelt með lestur eigi önnur í erfiðleikum með lesturinn og þau reyni síður að lesa sjálf og þurfi mikla hvatningu og stuðning. Nauðsynlegt sé fyrir þau börn sem gangi verr í lestri að lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum á meðan önnur börn lesi hverja blaðsíðu einu sinni og því sé ekki sanngjarnt að miða við ákveðinn fjölda blaðsíðna. Þetta er í takt við það sem Stahl, Santa, Santa og Höin segja um að einhverjum finnist án efa þessi endurtekning óþörf en endurtekinn lestur sé góð leið til þess að auka sjálfvirkni og hraða lesturs sem sé

nauðsynlegur grunnur þess að börn geti náð góðri leikni í lestri (Stahl, 2006; Santa, 1999; Santa & Höien, 1999). Mikilvægt er að börn séu látin lesa heima því þótt þau lesi í skólanum er sú þjálfun ekki nægilega mikil. Má í þessu samhengi nefna að þegar lestrarbókin fer heim eigi að fylgja henni blað sem hægt er að færa inn á hve mikið er lesið og hver hlustar á barnið lesa (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005).

Þegar ég hef skoðað kvittanahefti nemendanna er allur gangur á því hversu mikið er lesið heima. Það er erfitt að átta sig á því hvort lesið er í ákveðinn tíma eða jafnvel fyrirfram ákveðin blaðsíðufjöldi settur upp. Það er mikilvægt fyrir þau börn sem gengur verr í lestri að lesa hverja blaðsíðu tvisvar sinnum á meðan þess gerist ekki þörf hjá öðrum. Þau börn sem lesa tvisvar sinnum eru því að lesa færri blaðsíður en þau sem gera það ekki. Lestrarstundin getur því verið jafnlöng hjá öllum óháð því hversu langt barnið kemst í lestrarbókinni. Niðurstaða rannsóknarinnar er því að þrátt fyrir góðan vilja til þátttöku í lestrarnámi barna sinna þá er framkvæmdin misjöfn í raun.

5.1.4 Lestur á frídögum

Í viðtölunum kom fram í skólafríum, t.d. vetrarfrí, jólafrí og páskafrí, væri erfitt að halda rútinu í sambandi við heimalestur. Flestar sögðust mæðurnar ekki nýta tímann nægilega vel þar sem mikið væri að gera. Þrjár af þeim mæðrum sem veittu viðtal nefndu að lestrinum væri haldið inni en allra heilögustu dagarnir í kringum jól og páska væru frídagar í heimalestri. Rannsóknir sýna að börn sem eiga auðvelt með lestur sýni hraðar framfarir, samt sem áður þarf að fylgjast vel með því að þjálfunin detti ekki niður hjá þeim. Á mótí þurfa þau börn sem eiga í erfiðleikum með lestur mikla hvatningu og stuðning (Helga Sigurmundsdóttir, e.d.). Það er því mikilvægt að foreldrar taki virkan þátt í námi barna sinna eins og heimalestri. Í læsissáttmála heimilis og skóla (e.d.) kemur fram að samræður og lestrarstundir með fjölskyldunni séu góður grunnur í lestrarnámi barna og í leiðinni auðveld leið til að sameina gagn og gaman, ekki síst þegar frídagar eru í skólunum.

Draga má þá ályktun að kennarar gætu lagt meiri áherslu á mikilvægi þess að lestrarþjálfun skuli vera regluleg, líka í frí og á ferðalögum. Það gæti stutt foreldra í því hlutverki að halda fast í rútinuna. Það þarf ekki að vera flókið að setja rútinu inn í rútinuleysið og gera heimalestrarstund að ljúfri gæðastund. Í öllum skólafríum hef ég sent nemendur heim með lestartengd verkefni. Verkefnin hafa til að mynda snúist um að breyta út af vananum og lesa á öðrum stöðum en vanalega, til dæmis að lesa í bílnum, lesa undir teppi með vasaljós og við kertaljós svo eitthvað sé nefnt. Slík verkefni hafa virkað vel á börnin.

5.2 Samvinna um heimalesturinn

Í mínu starfi reyni ég að hlusta á þá nemendur lesa á hverjum degi sem eru í minni umsjá. Þar sem ég get aðeins gefið hverjum nemanda örfáar mínútur til þess er nauðsynlegt að daglegur lestur sé líka verkefni með foreldrum. Þessi stutti tími sem ég get veitt hverjum nemanda er alls ekki nægileg þjálfun til að framfarir verði í lestri. Þegar ég spurði um það í viðtölunum hvort mæðrunum þætti að alfarið ætti að sinna lestri í skólanum voru þær allar tólf á því að lesturinn væri samvinnuverkefni heimilis og skóla og sjálfsagt að heimilin og skólinn ynnu þetta saman eins og gert væri. Í umfangsmikilli rannsókn á starfsháttum í grunnskólum á árunum 2009 – 2014 kom fram að kennurum fannst lestrarþjálfun vera það sem skipti mestu máli í heimanámi yngri barnanna (sem Ingvar, Amalía, Gunnhildur og Kristín (2014)). Það er því brýnt að heimili og skóli vinni saman að þessu verkefni. Í þessu sambandi leggur Epstein (2009) áherslu á árangursríkt samskiptaform heimilis og skóla um áætlun og námsframvindu barnanna og nefnir að samskiptin þurfi að vera á báða bóga. Hún telur að með þessu verði barnið meðvitaðra um eigin farsæld og foreldrar verði meðvitaðri um nám barnsins síns. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á samstarfi heimilis og skóla síðustu ár hafa sýnt glögglega að þátttaka foreldra í námi barna hefur góð áhrif á gengi þeirra í námi og almenna líðan. Einnig hafa jákvæð áhrif þátttöku foreldra og foreldrasamstarfs á lestrarnám komið skýrt fram (Epstein, 2011; McElvany og Artelt, 2009).

Þar sem börn lesa mest heima er það hafið yfir vafa að foreldrar gegni mikilvægu hlutverki í lestrarnámi barna sinna og viðhorf þeirra hefur líka talsverð áhrif á þróun lestrarfærni hjá barninu. Stundum geta heimilisaðstæður verið þess eðlis að barnið geti ekki lesið heima og þá er gott fyrir kennara að vita af því til að geta brugðist við því og komið á móts við fjölskylduna með lengri lestrarþjálfun í skólanum. Ég tel að með því að nota reglulega markviss lestrartengd heimaverkefni verði foreldrar meðvitaðri um hvert hlutverk þeirra er og hversu mikilvægt það er varðandi heimalesturinn. Niðurstöður úr viðtölunum benda í sömu átt.

5.2.1 Áhugavert lesefni

Þær bækur sem nýttar eru í heimalestri koma annars vegar úr bókaskáp sem staðsettur er miðsvæðis á kennslusvæðinu og kallast lestrarbókaskápur og hins vegar frá skólabókasafninu. Á skólabókasafninu geta nemendur valið sér bækur sem þeir nýta sér í heimalestri. Bækurnar á safninu eru flokkaðar eftir þyngdarstigi og hvert þyngdarstig hefur sinn lit. Það er mikilvægt að kennarinn nýti sér þá auðlind sem bókasafnið er til að vekja áhuga barnanna á bókum. Hafdís Guðrún, Freyja og Steinunn (2018) nefna að þeir nemendur sem hafa ánægju af lestrinum búi einnig yfir sjálfstrausti við lesturinn og má þá álíta að þeir sé líklegri til að halda áfram að njóta þess að lesa með hækkandi aldri. Rannsóknir hafa líka

sýnt fram á sterk tengsl á milli þess að lesa mikið og aukinnar lestrarfærni. Því er óhætt að segja að börn nái betri tókum á lestrinum eftir því sem þau lesa meira.

Flestar mæðurnar upplifðu að börnunum þætti lestrarefnið áhugavert og þá sérstaklega eftir að börnin höfðu meira val um lestrarbækur og gátu valið sér nákvæmlega það sem þau langaði til að lesa. Í *Hvítbók*, stefnu menntamálaráðuneytisins (2014), kemur fram að eftir því sem nemendur lesa meira og fjölbreyttara efni aukist skilningur þeirra og áhugi þeirra á lestri. Mikilvægt er að námsefni sem nýtt er við kennslu sé fjölbreytt, s.s. skáldsögur, dagblöð, fræðirit, tímarit og rafrænir textar.

Til þess að fá börnin með okkur og kveikja áhuga þeirra verðum við að vera sveigjanleg og þora að fara aðeins óhefðbundnari leiðir. Ég ákvað að leyfa mínum nemendum að nýta bókasafnið til að velja sér bækur sem þeim þóttu spennandi í staðinn fyrir að festast í ákveðnum lestrarbókum sem væru óspennandi og leiðinlegar í þeirra augum. Nemendurnir hafa líka verið duglegir að láta starfsmann safnsins vita hvað þeim fannst um bækurnar, hvort þær voru skemmtilegar, leiðinlegar, spennandi og einnig hafa þau komið þeim skilaboðum til starfsmanns bókasafnsins hvað bækur það eru sem bókasafnið þyrfti að eiga meira af. Þegar bókum er skilað geta nemendurnir skrifað umsögn um bókina sem er svo límd framan á bókarkápuna sem aðrir nemendur geta nýtt sér þegar þeir eru að velja sér bækur.

Einnig hefur mér orðið ljóst hvað þau eru góð að segja frá bókunum sem þau eru að lesa og hafa verið að lesa og deila þeim með samnemendum.

Með því að gefa mínum nemendum meira val varðandi lesefni til að nýta í heimalestri hef ég fundið fyrir því hvað áhugi barnanna á bókum hefur aukist mikið og einnig áhugi þeirra á lestri. Ég tengi í þessu sambandi við skilgreiningu Schiefele og fleiri fræðimanna um lestraráhugahvöt. Hún er skilgreind sem huglæg ástæða einstaklings til þess að lesa og á hún sér margar víddir, t.d. áhuga (*e. interest*), leikni (*e. mastery*), sjálf (*e. ego*) og trú á eigin getu (*e. self-efficacy*) (Schiefele o.fl., 2012).

Nemandi með mikla lestraráhugahvöt er tilbúinn að leggja sig fram við lestrarnámið, það er að segja, hann er áhugasamur, eftirtektarsamur, spenntur og fús til að lesa (Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2018). Börn með litla lestraráhugahvöt lesa minna en jafnaldrar með meiri lestraráhuga og sterk tengsl eru á milli slakrar lestraráhugahvatar, lítills lestrar og lestrarerfiðleika. Þessar niðurstöður rannsókna á lestraráhugahvöt barna geta leiðbeint kennurum og foreldrum. Þær sýna að það skiptir máli að börnin hafi val þegar þau velja sé lestrarefni. Þau njóta þess betur að lesa það sem þau velja sér sjálf. Ég og ekki síður foreldrar hafa fundið fyrir því hvað það skiptir miklu máli að börnin velji sjálf sínar bækur. Svo ekki sé minnst á að áhuginn á því efni sem er lesið er gjarnan það sem drífur lesturinn áfram. Þetta samrýmist vel niðurstöðum í grein um

hlutverk, ábyrgð og skyldur umsjónarkennara þar sem einmitt er bent á mikilvægi þess að komið sé til móts við áhuga barna í námi þeirra (Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir, 2016).

5.2.2 Gæðastundir

Í *Hvítbók*, stefnu menntamálaráðuneytisins frá 2014, segir meðal annars að mikilvægt sé að foreldrar lesi fyrir börn og hvetji þau til að lesa sjálf ásamt því að vera þeim góðar fyrirmyndir.

Í læsissáttmála heimilis og skóla (e.d.) kemur fram að samræður og lestrarstundir með fjölskyldunni sé góður grunnur að lestrarnámi barna þegar fram í sækir. Þar að auki sé upplestur góð samverustund fjölskyldunnar og auðveld leið til að sameina gagn og gaman.

Ýmsar rannsóknir sýna að það hafi mikið að segja að lesa fyrir börn og að það hafi jákvæð áhrif á lestraráhuga barna að lesið sé fyrir þau (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, e.d.).

Niðurstöður leiddu í ljós að venjur á heimilum barnanna voru í ágætu samræmi við stefnu ráðuneytisins og það sem að ofan er nefnt. Rúmur helmingur foreldranna lesa alltaf eða oftast fyrir börnin sín samkvæmt spurningakönnuninni. Í viðtölunum kom fram hjá þeim mæðrum sem ég ræddi við og voru að lesa reglulega fyrir börnin sín að lestrarstundirnar færu fram á kvöldin þegar börnin væru komin upp í rúm og væri sú stund sannkölluð gæðastund. Einnig nefndu þær að börnin gerðu kröfu um að lesið væri fyrir svefninn og væri það partur af rútinu þeirra. Mæður þeirra barna sem sjaldan var lesið fyrir nefndu að barnið væri ekkert að biðja um að lesið væri fyrir það. Mæður þeirra barna sem sjálf voru farin að lesa mikið höfðu orð á því að þær væru eiginlega hættar að lesa fyrir þau þar sem þau læsu orðið sjálf.

Ég legg mikla áherslu á að lesa fyrir nemendur mína. Ég nota bæði bækur sem við erum að vinna með og einnig veljum við bækur saman sem ég les fyrir þau í nestistímum. Börnunum finnst notalegt að láta lesa fyrir sig og ég hef talsvert nýtt það sem umbun eftir góða vinnulotu að lesa fyrir þau í rólegheitum þar sem þau koma sér vel fyrir og hlusta.

Walsh (2008) nefnir í grein sinni að rannsóknir hafi sýnt að það skipti máli að lesa reglulega fyrir börn. Það styrki bæði orðaforða barnsins og efli bernskulæsi (Walsh, 2008).

Ég finn það vel þegar ég les fyrir börnin og spyr þau út í einstök orð og orðasambönd að oftast eru það sömu börnin sem svara. Þegar ég skoðaði niðurstöður spurningakönnunarinnar og viðtalanna kom í ljós að börnin sem voru virkust eða fljótust til svars voru í mörgum tilfellum sömu börn og lesið var fyrir heima.

Þetta kemur heim og saman við niðurstöður Önnu Þorbjargar Ingólfssdóttur (e.d.) þar sem hún bendir á að börn með mikinn orðaforða eigi auðveldara með að bæta við orðaforða sinn í lestrar- og samræðustundum. Af þessu má draga þá ályktun að mikilvægt sé að viðhalda

lestrarstundum og halda áfram að lesa fyrir börn eða með þeim og ræða málin – jafnvel þótt börnin séu orðin vel læs sjálf.

5.2.3 Bókasafnið

Samkvæmt spurningakönnuninni var bókasafnið vel nýtt við val á bókum en samkvæmt viðtölunum voru þau í meirihluta sem nýttu sér ekki reglulega að fara á safnið. Nefnt var í því sambandi að börnin væru ekki mikið að biðja um að fara á bókasafnið og svo væri það oft þannig að það gleymdist að skila bókunum sem börnin væru með í útláni sem endaði í sekt. Þær mæður sem nefndu að bókasafnið væri nýtt við val á bókum fóru gjarnan með börnunum á safnið til að velja bækur og líka til að setjast niður og skoða bækur.

Þegar lesið er fyrir börn á stundin að vera notaleg gæðastund, bæði fyrir barnið og þann sem les (Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir, e.d.). Það gefur barninu möguleika á að ræða um efni bókarinnar, spyrja og fá svör. Þetta er svolítið í takt við samverustundirnar á bókasafninu þar sem börnin sitja með mæðrum sínum og skoða bækurnar með þeim. Það hefur líka svo mikið að segja að foreldrar hafi umræður um bækur og lestur jákvæðar þegar þau ræða við börnin til að kveikja enn frekar áhuga þeirra. Þörf er á að hvetja foreldra til að nýta bókasafnið betur.

5.3 Viðhorf foreldra til síns hlutverks

Í öllum viðtölunum voru mæðurnar sammála því að sextán skipti í mánuði væri passlegt viðmið þar sem aðeins væri um fjögur skipti í viku að ræða. Einnig kom fram að með því að miða við sextán skipti væri auðvelt að bæta við þá tölu með því að lesa oftari í hverri viku. Það væri líka í lagi ef það vantaði upp á lestur í miðri viku vegna tólmstunda barnanna að nýta þá helgarnar til heimalesturs.

Eina heimanámið í árganginum er heimalestur og ætti því ekki að vera flókið að taka fimmtán mínútur frá fyrir heimalestur fjóra daga vikunnar að ég tel. Hefð er fyrir heimanámi í grunnskólum landsins en á yngsta stigi er lesturinn helsta heimanámið.

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2013) er tekið skýrt fram að foreldrar beri ábyrgð á því að börnin þeirra sinni því heimanámi sem skólinn og foreldrar hvers einstaks barns hafi orðið ásaðtt um og að frístundastarf og annað starf utan skóla komi ekki niður á námi barnanna. Heimalestur er stór þáttur í námi barna sem þarf að sinna þrátt fyrir að margt annað kalli á athygli og tíma.

5.3.1 Áminning í tölvupósti

Samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* (2013) ber umsjónarkennari ábyrgð á námi barns í hans umsjá, þroska þess, velferð og líðan. Einnig á umsjónarkennari að leggja sig fram við að

kynnast nemendum sínum sem best, foreldrum þeirra og aðstæðum. Samkvæmt stefnu skólans eiga börnin að lesa heima sextán sinnum í mánuði. Umsjónarkennari barnsins skoðar kvittanahefti barnsins og telur þau skipti sem barnið les heima í mánuðinum. Ef barnið hefur lesið heima í færri skipti en sextán fá foreldrar áminningu. Áminningin er staðlað bréf sem foreldrum er sent í tölvupósti frá umsjónarkennara barnsins. Í tölvupóstinum kemur fram að barnið hafi ekki lesið nægilega oft heima miðað við það sem skólinn telur æskilegt. Af þeim tólf mæðrum sem ég ræddi við í viðtölunum voru fjórar sem fannst áminningin stuðandi, óþörf og færi inn á samvisku þeirra. Hinar mæðurnar töldu að það þyrfti að ýta við foreldrum þar sem það væri vel gerlegt að lesa sextán sinnum í mánuði.

Í fyrstu varð ég svolítið hissa á viðbrögðum þessara fjögurra mæðra í sambandi við áminninguna því sextán skipti eru ekki mörg skipti á einum mánuði. En þegar ég fór að skoða staðlaða bréfið skildi ég alveg að það gæti stuðað foreldra, bæði orðalagið og uppsetningin. Ein móðirin nefndi að hún væri að gera sitt besta og svo upplifði hún að það væri verið að skamma hana fyrir að klicka í eitt skipti. Hinar mæðurnar tóku undir það og voru á því að þessi tölvupóstur með áminningunni væri óþægilegur. Þessar umræður um áminningarnar urðu mér verulegt umhugsunarefni. Ég tel sjálf að mikilvægt sé að senda einhverskonar áminningu heim en á móti tel ég líka brýnt að rýna í staðlaða textann og sjá hvort einhverju mætti breyta í orðalagi hans eða uppsetningu. Það hlýtur að vera markmiðið að senda skýr skilaboð en á hvetjandi nótum.

5.3.2 Samskipti foreldra og mín sem umsjónarkennara

Ég hef bent foreldrum á að láta mig vita ef erfitt reynist að sinna heimalestri og ég hef þá reynt eftir bestu getu að láta þau börn lesa meira fyrir mig í skólanum til að viðhalda þjálfun. Einnig hef ég haft orð á því við foreldra að hafa samband við mig ef það er eitthvað sem ég get aðstoðað þá með í sambandi við nám barnanna. Ég hef fundið það sem starfandi umsjónarkennari að það er mikilvægt að vera í góðu sambandi við foreldra. Nanna Kristín Christiansen (2011) telur að kennarar og þá helst umsjónarkennarar séu helstu tengiliðir foreldranna við skólann og því oftast en ekki sá aðili sem foreldrar eigi samskipti við. Einnig er vel þekkt að umsjónarkennarar séu oft í hlutverki ráðgjafa ásamt því að vera tengiliðir heimila og skóla (Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2014). Epstein (2009) segir að þar sem aðstæður foreldra geti verið misjafnar sé nauðsynlegt að skólinn geti mætt foreldrum með sérfræðipækkingu sem snýr að námi og þroska barnanna. Einnig telur Epstein að samskipti foreldra og kennara þurfi að vera á báða bóga en með því verður barnið meðvitaðra um eigin framfarir og foreldrar verði upplýstari um nám barnsins. Epstein nefnir að símtöl, tölvupóstar og samskiptabækur séu góðar leiðir til að stuðla að góðum foreldrasamskiptum.

Ég tel mig vera að vinna góða vinnu með foreldrum og að þetta rannsóknarverkefni hafi gert mig meðvitaðri um mikilvægi þess starfs. Auðvitað erum við misjöfn eins og við erum mörg og það sem einum líkar líkar öðrum ekki svo það getur verið krefjandi að vinna með tuttugu foreldrum en á sama tíma skemmtilegt.

Ég hef haft það að leiðarljósi í mínu starfi að halda góðu sambandi við foreldra. Samskipti mín hafa verið í formi tölvupósts og reglulega hef ég tekið mig til og hringt í foreldra barna í minni umsjá, nú síðast á tímum Kórónaveirunnar. Það var svolítið skrítið þegar ég hringdi í allan hópinn í fyrsta sinn, flestir foreldrarnir héldu að eitthvað væri að þar sem ástæðan fyrir símatalinu var aðeins að heyra í foreldrum, athuga hvernig gengi heima og hvort það væri eitthvað sem þau eða börnin höfðu áhyggjur af. Ég ræddi við alla foreldrana um lesturinn, hvernig gengi að lesa heima og hvort lestrarefnið væri að henta barninu. Ég skrifaði svo hjá mér þær athugasemdir sem ég fékk og vann með þær með nemendum í skólanum. Ég fékk þó nokkra tölvupósta eftir símtölin þar sem foreldrar þökkuðu fyrir sig. Ég hef reynt að hafa regluleg samskipti við foreldra í gegnum síma en ef það næst ekki hef ég nýtt mér tölvupóst í foreldrasamskiptum.

5.3.3 Pressa á heimalestur

Flestar mæðurnar sem svöruðu spurningakönnuninni voru á því að það kæmi þrýstingur frá skólanum um að heimalestri væri sinnt. Í viðtölunum skiptist það nokkuð jafnt þar sem helmingur mæðranna fannst alls ekki fyrir þrýstingi frá skólanum á meðan hinn helmingurinn hafði orð á því að hamrað væri á mikilvægi þess að heimalestri væri sinnt. Í hverri viku fá foreldra fréttbréf þar sem farið er yfir vinnu liðinnar viku ásamt því að segja frá því sem framundan er. Í fréttabréfinu er sér dálkur ætlaður lestri, þar eru settar inn hugmyndir, hvatning og gildi lesturs áréttað svo eitthvað sé nefnt.

Þar sem lestur er eina heimanámið er ég alveg sammála því að það sé þrýstingur á foreldra að sinna honum. Ég ætlast ekki til þess að foreldrar kenni börnunum sínum heldur leiðbeini þeim og séu í leiðinni meðvitaðir um það hvar barnið er statt í námi sínu. Í sambandi við heimanám telur Epstein (2011) að heimanám snúist ekki um að foreldrar kenni börnum sínum heima, heldur sé tilgangur þess að stuðla að góðu námsumhverfi heima fyrir, tengja foreldra við þau verkefni sem barnið er að vinna í skólanum og skapa umræðu tengda verkefninu. Epstein segir líka að með heimanáminu aukist samskipti bæði kennara og foreldra og foreldra og barna. Niðurstöður þessarar rannsóknar styðja þetta ótvírætt.

5.4 Áhrif heimalestrarverkefna á foreldra

Á þeim tíma sem ég var að vinna rannsóknina sendi ég sex lestartengd verkefni heim með börnunum. Verkefnin nefndi ég Lesum saman og þau voru merkt sem verkefni 1 til verkefni

6. Ég fór yfir hvert og eitt verkefni með mæðrunum tólf í viðtölunum og nefndu þær allar að verkefnin hefðu verið nýtt í heimalestrarstundum en þó mismikið. Sum verkefnanna voru mikið nýtt og voru ennþá notuð á meðan önnur voru nýtt minna. Mæðrunum fannst leiðbeiningarnar skýrar sem fylgdu með verkefnunum og höfðu flestar orð á því að börnunum hefðu líka verið kynnt verkefnið í skólanum og þau því meðvituð um hvernig væri best að nýta þau.

Í starfi mínu hef ég nýtt mér mikið af lestrartengdum verkefnum bæði í skólanum og í heimalestri. Ég hef líka markvisst prófað hinar ýmsar leiðir í heimalestri með drengjunum mínum. Það var því áskorun að útbúa sjálf fjölbreytt verkefni fyrir börnin með það í huga að geta mætt ólíkum þörfum þeirra og áhuga en ég hef nýtt góðar hugmyndir héðan og þaðan. Það vakti athygli mína að Menntamálastofnun gaf nýverið út efni til að nýta í heimalestri. Efnið heitir Lestrarkort og eru höfundar þess Anna Kristín Arnarsdóttir og Svava Þ. Hjaltalín en kortin unnu þær í samstarfi við Guðbjörgu R. Þórisdóttur læsisráðgjafa. Lestrarkortin taka mið af öllum þáttum lestrar, þeir eru lesfimi, hljóðaaðferðin, skilningur, ritun og orðaforði. Markmið lestrarkortanna er að auka fjölbreytni í lestrarþjálfun, mæta ólíkum þörfum nemenda í lestri og nýta betur styrk foreldra.

Það var skemmtilegt að sjá að lestrarkortin taka á ýmsu sem samræmist niðurstöðum þessarar rannsóknar um mikilvæga þætti í heimalestri. Til dæmis í verkefnum með Lestrarkortum en þar er skoðað hvort barnið sýni jákvætt viðhorf og hvort það sýni áhuga ásamt því að vinna með orðaforða og lesskilning.

Ég fagna því þessu efni sem Menntamálastofnun hefur gefið út og tel það góða viðbót við það sem ég unnið með í mínum hópi eftir eigin verkefnum.

5.4.1 Lestrarátakið og þátttaka í rannsókninni

Í öllum rýnihópaviðtölunum höfðu mæðurnar orð á því hvað þær væru þakklátar fyrir að hafa fengið að taka þátt í rannsókninni. Þær gerðu sér betur grein fyrir mikilvægi þátttöku foreldra í heimalestri, þær væru meðvitaðri um hvernig barninu gengi í lestri og fannst hvetjandi að sjá hvað börnin sýndu miklar framfarir. Ein hafði á orði að hún væri farin að bíða eftir næsta Lesfimiþrófi. Lestrartengdu verkefnin fannst þeim hafa létt undir í lestrarstundum heima sem gætu stundum verið streituvaldandi. Í samtölum við mæðurnar kom mér á óvart hve mörg börn mótmæltu því að lesa heima, því í skólanum merkti ég það ekki, en þó fundu mæðurnar mikinn mun eftir að börnin völdu sitt lesefni sjálf. Ég hef fengið bæði hvetjandi tölvupósta og átt samtöl við mæður sem hafa þakkað mér fyrir vinnuna sem ég hef unnið með þeim í kringum heimalesturinn. Bæði voru það mæður sem höfðu veitt viðtal og eins mæður sem komu ekki í viðtal. Fyrsta tölvupóstinn fékk ég frá einni móðurinni fljótlega eftir að hún var í viðtali hjá mér og þótti mér mjög vænt um viðbrögð hennar. Í tölvupóstinum

sagði hún að þau eiginmaður hennar væru einstaklega þakklát og ánægð með að dóttir þeirra tilheyrði mínum hópi. Móðirin hafði ekki gert sér grein fyrir því fyrr en eftir rýnihópaviðtalið að hópurinn minn væri að njóta svona góðs af lokaverkefninu mínu. Hún nefndi einnig að þau hefðu alveg örugglega ekki verið jafn dugleg að láta dóttur sína lesa ef það ekki væri fyrir öll þau hvetjandi lestrarverkefni sem fóru heim reglulega með börnunum.

5.5 Að öllu samanlögðu

Í rannsókninni var lagt upp með spurninguna: Hvert er hlutverk foreldra í lestrarnámi barna á yngsta stigi grunnskóla? Hún var skoðuð á ýmsa vegu og undirspurningarnar hafa verið ræddar í þessum kafla í ljósi fræðanna, með áherslu á hvernig kennari getur eflt áhuga foreldra og þátttöku þeirra í lestrarnámi barnanna. Einnig hefur verið fjallað ítarlega um heimalestursverkefni sem send voru heim reglulega og rætt hvernig foreldrar brugðust við þeim. Ég hef tíundað dagbókarskrif og hugleiðingar mínar og reynt að setja í samhengi eða flétta saman við niðurstöður úr spurningalistum og viðtölum við foreldra.

Að öllu samanlögðu styður mín niðurstaða það sem rannsóknir hafa áður sýnt að hlutverk foreldra er afar mikilvægt í lestrarnámi barna þar sem lestrarþjálfunin fer að mestu leyti fram heima. Nauðsynlegt er að foreldrar gefi heimalestrinum rúm og séu með barninu þegar það er að lesa. Þjálfunin felst ekki eingöngu í því að sitja og hlusta á barnið lesa því ekki er síður mikilvægt að foreldrar veki áhuga barnanna á fjölbreyttu lesefni, lesi með börnum sínum og einnig fyrir þau. Að ræða innihald texta skiptir líka máli og að foreldrar séu almennt góðar fyrirmyndir barna sinna. Hlutverk foreldranna er ekki einfalt og skýrt heldur fjölpætt og kallar á leiðsögn.

Það er svo hlutverk skólans að styðja foreldra og leiðbeina þeim um fjölbreyttar leiðir til lestrarþjálfunar. Það er meginniðurstaða rannsóknarinnar að kennarar þurfa að leggja rækt við og styrkja tengsl sín við foreldra, því regluleg samskipti um lestrarnám barna auka þekkingu foreldra á hlutverki sínu og áhuga þeirra á að sinna því vel.

6 Lokaorð

Þessi rannsókn var gerð með það í huga að skoða hvert væri hlutverk foreldra í lestrarnámi ungra barna í grunnskóla. Mig langaði að gera rannsókn sem gæti nýst bæði kennurum og foreldrum barna á yngsta stigi og einnig til að auka skilning á mikilvægi heimalesturs og ekki síður lesturs almennt. Rannsóknin getur mögulega nýst foreldrum barna á yngsta stigi þar sem foreldrar eru þátttakendur í rannsókninni og einnig kennurum þar sem rannsóknin er að hluta til starfendarannsókn og inniheldur lestrartengd verkefni til að vinna með í heimalestri.

Ég tel að þegar börn hefja nám í grunnskóla þurfi foreldrar að fá góðar og skýrar leiðbeiningar í sambandi við heimalestur, þar með talið um sitt hlutverk. Einnig mætti bjóða upp á fyrirlestra fyrir foreldra um lestrarnámið. Ég hef stundað kennaranám mitt á þeim tíma sem börnin mín hafa verið að hefja sína grunnskólagöngu og tel ég að það hafi tvímælalaust hjálpað mér að hafa sótt námskeið í lestrarkennslu og fræðslu um mikilvægi lesturs. Vönduð fræðsla um lestur og lestrarnám gæti tvímælalaust gagnast fleirum en verðandi kennurum í foreldrahópi.

Það var von mín að rannsóknin gæti gagnast mér í samskiptum við foreldra, bæði í tengslum við heimalestur og einnig í almennum foreldrasamskiptum. Ég finn það vel eftir þessa vinnu að það hefur svo sannarlega gerst, foreldrum er bæði umhugað um nám barna sinna og vilja þeir einnig eiga í góðum samskiptum við kennara barnsins. Hvað varðar lesturinn þá er það fyrir öllu að bæði kennarar og foreldrar geri sér grein fyrir gagnsemi árangursríks samstarfs heimilis og skóla til þess að efla og viðhalda góðri færni í lestri.

Heimildaskrá

- Allington, Richard L. (2009). *What Really Matters in Fluency. Research Based Practices across the Curriculum*. Boston. Allyn and Bacon.
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008). Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 7–26.
- Anna Kristín Arnarsdóttir og Svava Þ. Hjaltalín. (2019). Lestrakort – ný nálgun í heimalestrarþjálfun. *Skíma*, 42(1), 22-24.
- Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. (e.d.). Að lesa fyrir börn. Sótt af <http://lesvefurinn.hi.is/node/212>
- Brynhildur Þórarinsdóttir. (e.d.). Foreldrar. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/node/152>
- Bryman, A., og Bell, E. (2007). *Business research methods* (2.útgáfa). New York: Oxford University Press.
- Burden, P. R. og Byrd, D. M. (2013). *Methods for effective teaching: Meeting the needs of all students* (6. útgáfa). Boston: Pearson.
- Cooper, H. (1989). Synthesis of research on homework. *Educational Leadership*, 47(3), 85–91
- Deslandes, R. (2001). A vision of home-school partnership: Three complementary conceptual frameworks. Í F. Smit, K. van der Wolf og P. Sleegers (ritstjórar), *A bridge to the future* (bls. 11–23). Nijmegen, Hollandi: Institute for Applied Social Science.
- Ehri, L. C. (2002). Reading processes, acquisition, and instructional implications. Í G. Reid og J. Wearmouth (ritstjórar), *Dyslexia and literacy: Theory and practice*. Chichester: John Wiley og Sons.
- Epstein, J. L., Sanders, M. G., Simon, B. S., Salinas, K. C., Jansorn, N. R., Voorhis, F. L. V., Martin, C. S., Thomas, B. G., Greenfeld, M. D., Hutchins, D. J. og Williams, K. J. (2009). *School, family and community partnerships: Your handbook for action* (3. útg.). California: Corwin press.
- Epstein, J. L. (2011). *School, family, and community partnerships: Preparing educators and improving schools* (2. útgáfa). Boulder, Colo.: Westview Press.
- Erla Sif Markúsdóttir og Lilja M. Jónsdóttir. (2016). „Þegar maður finnur að krökkunum líður vel og eru kátir í skólanum, þá er takmarkinu náð“ Um hlutverk, ábyrgð og skyldur umsjónarkennara. *Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af http://netla.hi.is/greinar/2016/ryn/04_ryn_arsrit_2016.pdf
- Flouri, E. og A. Buchanan. (2004). Early father's and mother's involvement and child's later educational outcomes. *British Journal of Educational Psychology*, 74 (141 – 153).
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg kennsla í fyrirrúmi*. Reykjavík: Höfundar.

- Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir, Freyja Birgisdóttir og Steinunn Gestsdóttir. (2018). Tengsl lestraráhugahvatar og lesskilnings nemenda á miðstigi grunnskóla. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 27(2), 175–199. <https://doi.org/10.24270/tuum.2018.27.9>
- Hafþór Guðjónsson. (2008). Starfendarannsóknir í Menntaskólanum við Sund. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2008/002/index.htm>
- Hattie, J. (2009). *Visible learning: A synthesis of over 800 metaanalyses relating to achievement*. London: New York, Routledge.
- Heimili og skóli. (e.d.). Læsisáttmáli heimilis og skóla. Sótt af <https://www.heimiliogskoli.is/laesissattmali/>
- Helga Jónsdóttir. (2013). Viðtöl í eigindlegum og meginlegum rannsóknum. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 137–153). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.). Heimalestur. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/heimalestur>
- Helga Sigurmundsdóttir. (e.d.). Lesþjálfun. Sótt af <https://lesvefurinn.hi.is/lestrarthjalfun>
- Ingvar Sigurgeirsson, Amalía Björnsdóttir, Gunnhildur Óskarsdóttir og Kristín Jónsdóttir. (2014). Kennsluhættir. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 113-158). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Kristín Jónsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2014). Foreldrasamstarf. Í Gerður G. Óskarsdóttir (ritstj.), *Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar* (bls. 197-216). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- Marzano, R. J. og Pickering, D. J. (2007). The case for and against homework. *Educational Leadership*, 64(6), 74–79.
- McElvany, N. og Artelt, C. (2009). Systematic reading training in the family: Development, implementation, and initial evaluation of the Berlin parent-child reading program. *Learning and Instruction*, 19, 79–95.
- Mennta-og menningarmálaráðuneyti. (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013. Sótt af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefidefni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>
- Mennta-og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Hvítbók um umbætur í menntun*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/frettir/hvitbik_umbaetur_i_menntun.pdf
- Menntamálastofnun. (e.d.). Lesfímipróf. Sótt af <https://mms.is/lesfimidprof>
- Mullis, R. L, Mullis, A. K., Cornille, T. A., Ritschson, A. D. og Sullender, M. S. (2004). *Early literacy outcomes and parent involvement*. Tallahassee: Florida State University.

- Nanna Kristín Christiansen. (2011). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Iðnú.
- Nordahl, T. (2007). *Hjem og skole: Hvordan skape et bedre samarbeid*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Phillips, B. M. og Torgesen, J. K. (2006). Phonemic awareness and reading: Beyond the growth of initial reading accuracy. Í D. K. Dickinson og S. B. Neuman (ritstjórar), *Handbook of early literacy research* (2. útgáfa). New York: The Guilford Press.
- Pintrich, P. R. og Schunk, D. H. (2002). *Motivation in education: Theory, research, and applications* (2 útgáfa). Upper Saddle River: Prentice-Hall.
- Santa, C.M. (1999). First Steps: A program of early intervention. Í I. Lundberg, F. E. Tønnessen og I. Austad (ritstjórar), *Dyslexia; advances in theory and practice*. Dordrecht: Kluwer Academic Publishers.
- Santa, C. M. og Höien, T. (1999). *An assessment of Early Steps: A program for early intervention of reading problems*. *Reading Research Quarterly*. 34(1), 54-79.
- Silverman, D. (2010). *Doing Qualitative Research*. Los Angeles: SAGE
- Schiefele, U., Schaffner, E., Möller, J., Wigfield, A., Nolen, S. og Baker, L. (2012). Dimensions of reading motivation and their relation to reading behavior and competence. *Reading Research Quarterly*, 47(4), 427–463.
- Sóley Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 85–99). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Stahl, K. A. D., McKenna, M. C. L. (2006). *Reading research at work. Foundation of effective practice*. New York: The Guilford Press.
- Turnbull, A., Turnbull, R., Erwin, E. J., Soodak, L. C. og Shogren, K. A. (2011). *Families, professionals, and exceptionality: Positive outcomes through partnership and trust* (6. útgáfa). New Jersey: Pearson.
- Walsh, B. A. (2008). Quantity, quality, childrens characteristics, and vocabulary learning. *Childhood Education* 8(3) 163-166.

Viðauki A: Beiðni til skólastjóra um rannsóknarstarf

Sæll X

Þessa dagana vinn ég að lokaverkefni í meistaranámi mínu í kennslu- og menntunarfræðideild við Háskóla Íslands. Verkefnið felst í rannsókn sem ég ætla að gera en í henni ætla ég að skoða hlutverk foreldra í lestrarnámi barna á yngsta stigi grunnskóla. Ég leita til ykkar í skólanum um að fá að senda spurningakönnun til nokkurra foreldra barna á yngsta stigi ásamt því að fá afnot að viðtalsherbergi í skólanum til að taka rýnihópaviðtöl við foreldra.

Með von um jákvæð viðbrögð.

Með kveðju

Eygló Dögg Hreiðarsdóttir

Viðauki B: Heimild frá skólastjóra

Sæl Eygló

Þér er hér með veitt leyfi til rannsóknarinnar svo fremi að rannsóknin taki mið af gildandi Persónuverndarlögum, reglum um trúnað, nafnleynd og eyðingu gagna að rannsókn lokinni.

Viðtalsherbergin standa þér til boða en gott að bóka fyrirfram

Kveðja,

X

Viðauki C: Bréf til foreldra

Kæru foreldrar og forráðamenn

Í dag setti ég bréf í lestrarvasann hjá barninu þínu. Bréfið fjallar um meistaraverkefni mitt við Menntavísindasvið Háskóla Íslands ásamt spurningalista til foreldra þeirra barna sem eru í mínum bókmenntahóp.

Ég vona að sem flestir séu til í og hafi tök á að taka þátt í þessu með mér.

Með kveðju

Eygló Dögg

Viðauki D: Spurningalisti

pátttaka foreldra í heimalestri barna – spurningalisti til foreldra

1. Hver svarar spurningalistanum?
 - Móðir
 - Faðir
 - Foreldrar saman
2. Barnið er:
 - Drengur
 - Stúlka
3. Hvað oft les barnið þitt heima í viku, að meðaltali?
 - Einu sinni – tvisvar sinnum
 - Þrisvar sinnum – fjórum sinnum
 - Fimm sinnum – sex sinnum
 - Oftar en sex sinnum
4. Fyrir hvern les barnið oftast?
 - Mómmu
 - Pabba
 - Annan. Hvern þá ? _____
5. Hver stingur upp á lestrarstund heima?
 - Barnið
 - Mamma
 - Pabbi
 - Aðrir. Hver þá ? _____
6. Hversu langan tíma að meðaltali er lesið í hvert sinn?
 - Minna en fimm mínútur
 - Fimm - tíu mínútur
 - Tíu mínútur - fimmtán mínútur
 - Meira en fimmtán mínútur

7. Finnst barninu gaman að lesa heimalestrarefnið?
- Alltaf
 - Oftast
 - Sjaldan
 - Aldrei
8. Er rætt við barnið um innihald textans?
- Alltaf
 - Oftast
 - Sjaldan
 - Aldrei
9. Er fyrirfram ákveðinn tími dagsins tekinn frá til heimalesturs?
- Já
 - Nei
10. Finnst þér/ykkur erfitt að finna tíma til heimalesturs?
- Já
 - Nei
11. Finnst þér pressa frá skólanum að heimalestri sé sinnt?
- Alltaf
 - Oftast
 - Sjaldan
 - Aldrei
12. Er lesið reglulega fyrir barnið?
- Alltaf
 - Oftast
 - Sjaldan
 - Aldrei
13. Les barnið í sínum frítíma sér til ánægju?
- Alltaf
 - Oftast
 - Sjaldan
 - Aldrei
14. Nýtið þið ykkur bókasafnið við val á bókum?
- Já
 - Nei

15. Sérðu framfarir í lestri hjá barninu þínu?

- Já
- Nei

16. Hvernig er lestrarstundunum háttað heima fyrir? (sérstakur staður sem lesið er á eða hvar sem er, situr þú/þið hjá barninu, eru umræður um lesefnið o.s.frv.)

17. Er eitthvað annað sem þú vilt nefna sem snertir lestrarnám barnsins og heimalestur?

18. Ef þú ert tilbúin(n) til að taka meiri þátt í rannsókninni og veita mér viðtal um lestrarnám barnsins þíns, samstarf og heimalestur, þá vinsamlegast skrifaðu nafn þitt og barnsins hér

Bestu þakkir fyrir þátttökuna, Eygló Dögg

Viðauki E – Viðtalsrammi

Viðtalsrammi

Heimalestrartíminn

Les barnið upphátt á hverjum degi fyrir foreldra ?

- *Ef við skoðum venjulega viku, hversu oft er lesið heima í vikunni?*

Er fastur tími tekinn á hverjum degi fyrir heimalestur?

Hvernig gengur að finna lestrartíma heima?

Hvað telji þið að langur tími fari að meðaltali í heimalestur á dag ?

Er einhver sérstakur staður frekar en annar heima þar sem lestrarstundin fer fram ?

Þegar lesið er heima, hver er það þá sem barnið les oftast fyrir?

Hver hefur að jafnaði oftast frumkvæði á lestrarstundum ?

- *Hefur það alltaf verið svoleiðis ?*

Hafið þið rætt við börnin um hvernig þeim finnst lesefnið ?

- *Setja foreldrar sig í samband við kennara vegna lestrarefnis, eins og ef þeim finnst það of létt, þungt o.s.frv ?*

Þegar að frídagar eru í skólanum eins og páskafrí, jólafrí, vetrarfrí og þessháttar er þá þessi frí nýtt til heimalesturs ?

Heimalestarverkefni

Nú hafa börnin fengið með sér heim nokkur lestrarverkefni sem ég hef útbúið í tengslum við meistaraverkefnið mitt. Hafa þessi verkefni sem hafa komið heim með börnum verið nýtt í heimalestrarstundum ?

- Í [verkefni 1](#) var ég með hugmyndir að skemmtilegum heimalestrarstundum. En þetta voru verkefni þar sem valinn var texti við hæfi og lesið með ólíkum röddum þar sem ímyndunaraflið var látið ráða.

Bergmálslestur þar sem sá sem lesið er fyrir les fyrst og svo endurtekur barnið. Punktalestur, en þar skiptast barnið og sá sem barnið les fyrir á að lesa frá punkti til punkts og síðasta hugmyndin var lesskilningur þar sem rætt er um innihald textans áður en lesið er, meðan lesið er og einnig þegar lestri lýkur.

Hvernig fannst ykkur það verkefni virka? Fannst ykkur það skýrt og þá nægilegar leiðbeiningar. Var eitthvað sérstakt sem þið munið eftir í tengslum við þetta verkefni þegar þið unnuð með það? Hefðu þið þegið meiri eða minni leiðbeiningar með verkefninu?

- Í [verkefni 2](#) var ég með nokkrar hugmyndir að lestrarstundum heima. Þessar hugmyndir voru: að lesa fyrir alla fjölskylduna, fyrir lítið barn eða dýr, frétt í fréttablaði, ljóð eða kvæði, undir teppi með vasaljós, við kertaljós og með klemmt fyrir nefið. Ég fann að það síðasta, að lesa með klemmt fyrir nefið var vinsælt í lestrarstundum hérna í skólanum. Hvernig fannst ykkur það verkefni virka? Fannst ykkur það vel útskýrt og fylgdu skýrar leiðbeiningar. Var eitthvað sérstakt sem þið munið eftir í tengslum við þetta verkefni þegar þið unnuð með það? Hefðu þið þegið meiri eða minni leiðbeiningar með verkefninu?
- Í [verkefni 3](#) var verkefni til að hvetja til aukins heimlesturs. Í því verkefni sem ber nafnið lestrarhestur geta þeir nemendur sem lesa sextán sinnum eða oftár heima orðið lestrarhestar. Um hver mánaðarmót eru lestrarhefti barnanna skoðuð og talið hversu oft var lesið heim í liðnum mánuði. Þeir sem verða lestrarhestar fá viðurkenningarskjal (12cm x 15cm) sem er myndskreytt með nafni barnsins og skráningu hversu oft það las í mánuðinum ásamt undirskrift kennara. Þetta verkefni hefur verið í september, október, nóvember og desember. Hinir kennararnir í teyminu hafa einnig nýtt sér verkefnið og stefni ég á að halda verkefninu áfram út skólaárið. Hvernig fannst ykkur Lestrarhestaverkefnið? Fannst ykkur það vel útskýrt og skýrar leiðbeiningar í tengslum við það? Er eitthvað sérstakt sem þið munið eftir í tengslum við þetta verkefni? Hefðu þið þegið meiri eða minni leiðbeiningar með verkefninu?
- Í [verkefni 4](#) var jólalestur eða jólabingó til að nýta í jólafríinu. Í því verkefni voru 25 hugmyndir að heimalestrarstundum. Þarna voru hugmyndir eins og að lesa jólasögu, lesa í ullarsokkum, lesa á náttfötunum svo eitthvað sé nefnt. Hvernig fannst ykkur það verkefni vera að virka? Fannst ykkur það vel útskýrt og skýrar leiðbeiningar í tengslum við það? Er eitthvað sérstakt sem þið munið eftir í tengslum við þetta verkefni? Hefðu þið þegið meiri eða minni leiðbeiningar með verkefninu?

- Í **verkefni 5** var 1000 mínútna ormurinn. En markmiðið með því verkefni er að lesa í 20 mínútur í hvert skipti sem lesið er heima. Eftir hverjar tuttugu mínútur sem búið er að lesa er einn hlekkur á orminum litaður, en ormurinn er samtals 50 hlekkir. Þegar búið er að lita alla 50 hlekkina er nemandinn búin að lesa í 1000 mínútur frá því að hann litaði fyrsta hlekkinn. Hvernig fannst ykkur 1000 mínútna verkefnið vera að virka? Fannst ykkur það vel útskýrt og skýrar leiðbeiningar í tengslum við það? Er eitthvað sérstakt sem þið munið eftir í tengslum við þetta verkefni? Hefðu þið þegið meiri eða minni leiðbeiningar með verkefninu?
- Í **verkefni 6** var samvinnuverkefni ykkar foreldranna og barnsins. Sem fólst í því að börnin ásamt ykkur foreldrunum lásuð saman texta sem vakti áhuga ykkar beggja. Textinn gat til að mynda verið einhverskonar uppskrift, frétt, lagatexti, ljóð, eitthvað í umhverfinu eins og textinn á morgunkornspakkanum svo eitthvað sé nefnt eða bara eitthvað annað sem vakti áhuga ykkar. Hvernig fannst ykkur þetta fjölbreytta verkefni vera að virka? Fannst ykkur það vel útskýrt og nægilegar leiðbeiningar í tengslum við það? Er eitthvað sérstakt sem þið munið eftir í tengslum við þetta verkefni? Hefðu þið þegið meiri eða minni leiðbeiningar með verkefninu?

Áhugavert efni í lestri

Upplifa foreldrar að börnunum finnist heimalestrarefnið áhugavert?

Er rætt um það sem lesið er?

- Hvernig ræðið þið helst um það? Hvað kemur oftast til umræðu – persónurnar eða hvað vekur umræðuna?

Viðhorf foreldra

Skólinn telur æskilegt að nemendur í 3. bekk lesi ekki sjaldnar en 16 sinnum heima í mánuði og fá foreldrar áminningu í tölvupósti ef það næst ekki.

Hvað finnst ykkur um það?

Er það hæfilega oft að ykkar mati?

Finnst ykkur mikil pressa frá skólanum að heimalestri sé sinnt ?

Finnst foreldrum frekar eigi að sinna lestri í skólanum í stað heimalesturs ?

Sérðu framfarir hjá barninu þínu í lestri ?

Að kveikja áhuga

Er lesið reglulega fyrir barnið ?

Finnst foreldrum erfitt að vekja áhuga barnanna á lestri ?

Fara foreldrar með börnunum sínum á bókasafnið?

Er bókasafnið nýtt við val á bókum ?

- Er barnið aðstoðað við val á lesefni ?

Að lokum, getið þið litið í huganum yfir veturinn og metið með mér hvort þetta lestrarátak hafi skilað minni, jafnmiklum eða vaxandi áhuga ykkar á lestrarnámi barnanna?

Getið þið nefnt mér einhver dæmi um hvernig áhrifin eða aukinn áhugi hefur komið fram?

Viðauki F: Heimalestrarhefti

Lestrarþjálfun í 3. bekk Til lestrarþjálfara

- Þjálfnið í 15 – 20 mínútur á dag, 5-6 daga vikunnar.
- Mikilvægt að huga að því að ef barnið höktir mikið eða les mörng orð vitlaust á blaðsíðunni er nauðsynlegt að lesa hana aftur.
- Hafði fingurinn alltaf undir því orði sem lesið er. Það eykur nákvæmni við lestur.
- Hleypu barni aldrei áfram í lestrinum nema orð séu rétt lesin. Hjálpaðu því ef orðið er erfitt fyrir það.
- Hvettu barnið til að fá útskýringar á þeim orðum sem það skilur ekki.
- **Að lestri loknum skal rifja upp nýjan orðaforða sem barnið rakst á í textanum og reyna efni kafans sem lesin var.**
- Orðaskrift/lestrarverkefni unnið minnst 4x í viku.

Nokkur gagnýt atriði til minnis

- ❖ Ekki sleppa heimalestri í fríum. Gefðu frekar frí rauðu dagana.
- ❖ Láttu barnið lesa eins snemma dags og kostur er.
- ❖ Þjálfaðu barnið þar sem nærði er gott og það fer vel um það.
- ❖ Veittu lestri barnsins fulla athygli og ekki gera annað á meðan.
- ❖ Vertu barninu góð fyrirmynd-láttu það sjá þig lesa.
- ❖ **Lestu fyrir barnið í 15 mínútur á dag.** Það eflir orðaforða þess og góður orðaforði eykur árangur í lestrarnámi.
- ❖ Jákvætt viðhorf, betri árangur.

Munum eftir Lestrarhestinum

Heimalestur

3. bekkur - vor 2020



Nafn: _____



Lesið og skrifað heima



Í janúar las ég heima	_____ sinnum
Í janúar skrifaði ég heima	_____ sinnum
Í febrúar las ég heima	_____ sinnum
Í febrúar skrifaði ég heima	_____ sinnum
Í mars las ég heima	_____ sinnum
Í mars skrifaði ég heima	_____ sinnum
Í apríl las ég heima	_____ sinnum
Í apríl skrifaði ég heima	_____ sinnum
Í maí las ég heima	_____ sinnum
Í maí skrifaði ég heima	_____ sinnum
Í júní las ég heima	_____ sinnum
Í júní skrifaði ég heima	_____ sinnum

Ýmsar leiðir við lestrarþjálfun



- Eigi barn erfitt með lestur getur verið gott að sá sem þjálfar lesi textann upphátt á undan barninu og barnið lesi hann svo sjálf strax á eftir. Svokallaður bergmálslestur. Á þann hátt heyrir barnið hvernig réttur hrynjandi og áherslur hljóma. Hjá sumum börnum fer það mikil orka í að lesa orðin sjálf að þau ná ekki innihaldi textans og í þeim tilfellum getur hreinlega verið gott að sá sem þjálfar lesi allan textann fyrst og barnið njóti þess að hlusta á söguþráðinn, en lesi síðan sjálf á eftir.
- Kórlestur getur einnig verið mjög gagnlegur fyrir barn sem á erfitt með lestur og höktir mikið á orðunum. Þá les sá sem þjálfar textann með barninu og teymir það um leið áfram í lestrinum þannig að meiri samfella næst.
- Á þessum 15 mínútum sem við ætlum til lestrarþjálfunar er einnig gott að sá sem þjálfar staldri við, spyrji barnið út úr textanum, útskýri fyrir því orð sem barnið skilur ekki og stundum mætti jafnvel láta barn endursegja í stuttu máli hvað það var að lesa og einnig getur verið gaman, ef söguþráðurinn er þess eðlis, að gera forspá, þ.e. að fá barnið til að velja því fyrir sér hvað hugsanlega gerist næst í sögunni, eða hvernig sagan kemur til með að enda.

dags.	Heiti bókar	bls.	Hver hlustar?	Orða-bók
mánudagur				
þriðjudagur				
miðvikudagur				
fimmtudagur				
föstudagur				
helgin				
Skilaboð:				

dags.	Heiti bókar	bls.	Hver hlustar?	Orða-bók
mánudagur				
þriðjudagur				
miðvikudagur				
fimmtudagur				
föstudagur				
helgin				
Skilaboð:				

Viðauki G: Bréf til foreldra með verkefni 5

Kæru foreldrar og forráðamenn

Í dag setti ég lestrarverkefni í lestrarvasann hjá börnunum í tengslum við meistaraverkefnið mitt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem ég er að skoða þátttöku foreldra í lestrarnámi barna.

Verkefnið nefnist „Ég get lesið í 1000 mínútur“. Þetta verkefni langaði mig að hafa með aðeins öðru sniði en þau sem ég hef áður sent heim og vinna í leiðinni með lengri tíma sem lesið er í hvert skipti. Verkefnið inniheldur orm sem er búin til úr 50 hringjum/hlekkjum. Verkefnið felst í því að ná að lita alla hringina/hlekkina í 1000 mínútna orminum. Í hvert sinn sem barnið les heima í tuttugu mínútur fyrir foreldra/forráðamann er einn reitur/hringur litaður í orminum.

Síðasti hringurinn/hlekkurinn á orminum sýnir að barnið er komið upp í 1000 mínútur í heimalestri frá því að það byrjaði á ormaverkefninu.


Með kveðju

Eygló Dögg

Viðauki H: Verkefni 5

Lesum saman - Eygló Dögg

2019 - 2020

Ég get lesið í 1000 mínútur 

Í hvert skipti sem lesið er í 20 mínútur er eim reitur/hringur litaður. Um leið ert þú að færastr nær 1000 mínútna markmiðinu.

Gangi þér vel



	900 mínútur			16 klukku stundir		1000 mínútur
	14 klukku stundir			780 mínútur		
	10 klukku stundir			660 mínútur		
	540 mínútur		Þú ert komin hálf leið	8 klukku stundir		
300 mínútur			6 klukku stundir			420 mínútur
		4 klukku stundir			180 mínútur	
Dagur 1		60 mínútur			2 klukku stundir	

Viðauki I: Áminning um heimalestur

Kæru foreldrar og forráðamenn

Í skólanum er sú stefna að hver nemandi lesi að lágmarki sextán sinnum heima í mánuði.

Komið hefur í ljós að barnið þitt þarf að lesa oftar heima. Mikilvægt er að lesa upphátt a.m.k. fimm daga vikunnar í fimmtán mínútur á dag.

Heimalestur gegnir lykilhlutverki í framförum í lestri og því verður fylgst vel með hvort heimalestri verði ekki betur sinnt. Minnum á að lestrarnámið er samvinnuverkefni heimilis og skóla.

Gangi ykkur vel og hafið samband ef eitthvað er óljóst.

Með góðum lestrarkveðjum,
Umsjónarkennari

Viðauki J: Vinnureglur heimalesturs

Vinnureglur heimalesturs

Ef heimalestri er ábótavant, t.d. ef nemandi hefur í tvær vikur aðeins lesið tvisvar sinnum í viku er ferlið svona:

1. Umsjónarkennari sendir póst heim, notaður staðlaður texti (sjá meðfylgjandi bréf).
2. Ef ekkert hefur lagast hringir umsjónarkennari heim og spyr um ástæðu lítils heimalesturs og ræðir um bætingu í þeim efnum. Það er mikilvægt að lesa heima fimm sinnum í viku. Að lágmarki sextán sinnum í mánuði.
3. Ef staðan helst áfram sú sama og ekki hafa komið fram gildar ástæður fyrir því að nemandinn og eða foreldrar geti ekki sinnt heimalestri hefur umsjónarkennari samband við deildarstjóra og haldinn er fundur með umsjónarkennara, foreldrum og deildarstjóra.

Ágætt er að miða við tvær vikur frá því póstur var sendur og þar til hringt er til að ræða heimalesturinn.



Viðauki K – Bréf til foreldra með verkefni 1

Kæru foreldrar og forráðamenn

Þann 7. mars sl. sendi ég spurningakönnun heim í lestrarvasanum hjá barninu þínu. Spurningakönnunin var partur af meistaraverkefninu mínu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem ég er að skoða þátttöku foreldra í lestrarnámi barna. Þátttakan var mjög góð og er ég ykkur öllum afar þakklát fyrir að gefa ykkur tíma í þetta með mér.

Ég ætlaði mér að vera komin lengra í verkefninu mínu en þurfti að fara óvænt í sjö vikna veikindaleyfi.

Þar sem ég fylgi árganginum upp í 3. bekk mun ég halda áfram með verkefnið næsta haust.

Ég mun vera í sambandi við ykkur í ágúst þegar skólinn hefst að nýju.

Með bréfinu sendi ég fyrsta lestrarverkefnið sem er sniðugt til að nýta í sumarlestrinum.

Gleðilegt sumar

Með kveðju

Eygló Dögg

Viðauki L – Verkefni 1

Verkefni 1

Hugmyndir að skemmtilegum lestrastundum

Það skiptir máli að velja texta við hæfi og út frá áhugasviði barnsins.

- **Að lesa með ólíkum röddum:** Að lesa eins og dimmraddaði afinn eða skrækroma eins og litla barnið í sögunni eða jafnvel hlægjandi, hvíslandi eða bara á þann hátt sem ímyndunaraflið býður upp á.
- **Bergmálslestur:** Sá sem les með barninu les eina línu upphátt og barnið endurtekur. Sá sem les með barninu þarf að gæta þess að lesa hæfilega hratt, rétt og með réttum áherslum.
- **Punktalestur:** Barn les heila málsgrein og sá sem les með barninu þá næstu.
- **Lesskilningur:** Að ræða saman um innihald textans áður en lesið er, meðan lesið er og einnig þegar lestri lýkur.

Hlustum á barnið lesa
Lesum fyrir barnið
Láttu barnið sjá þig lesa



Viðauki M – Bréf til foreldra með verkefni 2

Kæru foreldrar og forráðamenn

Í dag setti ég lestrarverkefni í lestrarvasann hjá börnunum í tengslum við meistaraverkefnið mitt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem ég er að skoða þátttöku foreldra í lestrarnámi barna. Verkefnið sem börnin fá með sér heim inniheldur tillögur um hvernig þið getið brotið upp lestrarstundirnar heima á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt. Til dæmis má nota tillöguna "fyrir alla fjölskylduna" þannig að foreldri og barn lesa til skiptis. Tillöguna "undir teppi með vasaljós" er líka gaman að útfæra saman, foreldri og barn, og svo er um að gera að láta ímyndunaraflið ráða.

Mig langar að senda reglulega heim lestrarverkefni til að brjóta upp lestrarstundirnar heima. Ég mun vera í sambandi við ykkur sem buðuð ykkur fram í viðtal þegar þar að kemur.

Með kveðju

Eygló Dögg

Verkefni 2

Ég get lesið ...



Viðauki O – Bréf til foreldra með verkefni 3

Kæru foreldrar og forráðamenn

Í dag kynnti ég nýtt verkefni sem nefnist fyrir börnunum. Verkefnið er í tengslum við meistaraverkefnið mitt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem ég skoða þátttöku foreldra í lestrarmáni barna. Einnig munu samkennarar mínir í teyminu nýta sér það líka. Í Verkefninu sem ber nafnið lestrarhestur geta þeir nemendur sem lesa sextán sinnum eða oftar heima orðið lestrarhestar. Um hver mánaðarmót eru lestrarhefti barnanna skoðuð og talið hversu oft var lesið heim í liðnum mánuði. Þeir sem verða lestrarhestar fá viðurkenningarskjal (12cm x 15cm) sem er myndskreytt með nafni barnsins og skráningu hversu oft það las í mánuðinum ásamt undirskrift kennara.

Börnin voru mjög áhugasöm þegar ég kynnti verkefnið fyrir þeim í dag.

Með kveðju

Eygló Dögg

Viðauki Ó – Verkefni 3

2014-2020



Lestrarhestur

Viðurkenningu þessa hlýtur :

Fyrir að vera dugleg/ur að lesa í september
þá last _____ sinnum

Undirskrift kennara

Lesum saman – Þagló Dóttir

2014-2020



Lestrarhestur

Viðurkenningu þessa hlýtur :

Fyrir að vera dugleg/ur að lesa í september
þá last _____ sinnum

Undirskrift kennara

Lesum saman – Þagló Dóttir

Viðauki P – Bréf til foreldra með verkefni 4

Kæru foreldrar og forráðamenn

Í dag setti ég lestrarverkefni í lestrarvasann hjá börnunum í tengslum við meistaraverkefnið mitt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem ég er að skoða þátttöku foreldra í lestrarnámi barna. Verkefnið er lestrarbingó sem hefur að geyma 25 ólíkar hugmyndir til að brjóta upp lestrarstundirnar í jólafríinu.

Vonum að þið getið nýtt ykkur bingóið og eigið yndislegt frí.

Með lestrarkveðju

Eygló Dögg

Viðauki R – Verkefni 4

Ég les ...

Lestrarbingó

Jól

	Við jólatréið	Fyrir frænda	Snemma morguns	Leiklestur Lesið með ólíkum röddum	Með vettlinga	
	Í úlpu	Lesið fyrir mig	Með smákökur	Lesið úti	Fyrir mömmu eða pabba	
	Bergmálslestur	Undir sæng	Við kertaljós	Fyrir lítið barn	Í bílnum	
	Með jólahúfu	Í náttfötum	Punktalestur	Í ullarsokkum	Lesið jólasögu	
	Með klemmt fyrir nefið	Fyrir ömmu eða afa	Með heitt kakó	Fyrir frænku	Ljóð	

Bergmálslestur: Sá sem les með barninu les eina línu upphátt og barnið endurtekur. Sá sem les með barninu þarf að gæta þess að lesa hæfilega hratt, rétt og með réttum áherslum.

Punktalestur: Barn les heila málsgrein og sá sem les með barninu þá næstu.

Að lesa með ólíkum röddum: Að lesa eins og dimmraddaði afinn eða skrákróma eins og litla barnið í sögunni eða jafnvel hlæjandi, hvíslandi eða bara á þann hátt sem myndunaraflíð býður upp á.

Lesum saman – Eygló Dögg

Viðauki S – Bréf til foreldra með verkefni 6

Kæru foreldrar og forráðamenn

Í dag setti ég lestrarverkefni í lestrarvasann hjá börnunum í tengslum við meistaraverkefnið mitt á Menntavísindasviði Háskóla Íslands, þar sem ég er að skoða þátttöku foreldra í lestrarnámi barna. Þetta verkefni er það sjötta og síðasta sem ég sendi frá mér í tengslum við verkefnið mitt.

Verkefnið felst í því að börnin ásamt foreldrum finna í sameiningu texta sem vekur áhuga þeirra beggja. Textinn getur verið einhverskonar uppskrift, frétt, lagatexti, ljóð, eitthvað í umhverfinu eins og textinn á morgunkornspakkanum svo eitthvað sé nefnt eða bara eitthvað annað sem vekur áhuga ykkar.

Það væri gott að fá fáeinar línur að verkefninu loknu þar sem þið skrifið niður með barninu hvað varð fyrir valinu og hvernig til tókst. Það er í góðu lagi ef sá sem las með barninu fylli út á blaðið hvernig til tókst.

Munum að við foreldrarnir eru bestu lestrarfyrirmyndir barnanna okkar.

Með kveðju

Eygló Dögg

Viðauki T: Verkefni 6


Lesum saman - Eygló Dögg

Verkefni 6

Hvaða verkefni völdum þið ykkur ?

Þið megið segja frá því í fáeinum línunum.

Hvernig gekk verkefnið ?



Hvernig fannst ykkur verkefnið ?

Hverjir unnu verkefnið saman ?

2019 - 2020

Viðauki U – Verkefni 6 unnið af móður og barni

Þér frjálsterar sjá hve ég þótt mitt þjó
ef Börnin mín smá þú lætur í ró
Þú manst að þau eiga sér móður
og efa þau lifa þau syngja
Þér söngum sumaris blísa
og vor kvöldin löng þú gerir
Þá vinnu minngósur

